


P Ú L S I N

SKÓLABLAÐ
GRUNDASKÓLA

1. töl. - 7. árg.
Mars 2001



Frá ritstjórn

Efni þessa blaðs er að grunni til vinna sem við inntum af hendi í blaðaútgáfuvali s.l. haust. Einn liðurinn í því námi var viðtalstækni. Við völdum okkur viðmælendur sem áttu það allir sameiginlegt að tengjast skólanum með ýmsum hætti. Magga Áka er kennari, Kolbrún fyrrverandi nemandi, Hjörleifur í sundlauginni og Einar Skúla hafa um langt árabil átt dagleg samskipti við bæði nemendur og starfsfólk skólans, Lilja Ingimars frá Arnardal hefur frætt nemendur um gamla tímann, Bjarni Ármanns átti leiksvæði sitt á þeim slóðum sem Grundaskóli reis síð-

ar á og félagarnir Doddi og Pétur hafa með Ding Dong þætti sínum á Radio X átt vinsældum að fagna meðal unglínganna.

Að öðru leyti er efni blaðsins með hefðbundnu sniði þar sem markmiðið er að varpa ljósi á ýmsa þætti skólastarfsins til bæði fróðleiks og skemmtunar. Vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi.

Að lokum viljum við færa öllum þeim sem lögðu okkur til efni í blaðið og aðstoðuðu okkur við útgáfuna bestu þakkir.

*Með kveðju.
Ritnefndin.*



PÚLSINN

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

Ábm.:

Guðbjartur Hannesson

Umsjón með útgáfu:

Sigurður Arnar Sigurðsson

Umsjón með efni:

Leó Jóhannesson

Prentvinnsla:

Prentverk Akraness hf.



Heimsíða Grundaskóla:

<http://grundaskoli.ismennt.is>

Netfang Grundaskóla:

grundaskoli@grundaskoli.is

Ljóð

Hér eru nokkur ljóð sem eru afrakstur af valsvæðinu Skapandi ritun í 6. og 7. bekk í Grundaskóla 2000-2001.

Til þín

Hér sit ég
og yrki ljóð handa þér.
Þetta ljóð á að vera eins fallegt
og þú.

Þú sem ert eins og
skærasta stjarna í heimi
og munt aldrei dofna

Aníta Líska 6. SKr

Dulúð

Þá lýsist upp himinninn
með eldum og norðurljósum.
Fólkið horfir hugfangið á eldana.
Áramót eru svört sumarkvöld.

Páll Straumberg 6. SS

Næturdans

Að dimmu næturlagi
dansa ljósastaurar
eins og ballettdansarar
á skautasvelli.

Arnór Smáráson 7. KH

Guðbjartur Hannesson, skólastjóri:

Ávarp skólastjóra

**Ágætu nemendur
og foreldrar!**

Til hamingju með nýjan Púls, fullan af vonduðu efni, viðtölum, fréttum og myndum úr skólastarfinu. Nemendur hafa undir stjórn Leós Jóhannessonar kennara lagt mikla vinnu í blaðið og þakka ég þeim það. Ég vona að bæjarbúar kunni að meta að fá blaðið sent heim ókeypis og um



leið þakka ég viðskiptaaðilum skólans sem með auglýsingum gera það mögulegt.

Framundan eru spennandi tím- ar í starfi Grundaskóla. Einsetningin innan seilingar, nýir kjarasamningar gefa ný tækifæri, nýtt fólk er að koma til kennslu og eldri hópurinn að sækja sér enn betri menntun. Grundaskóli hefur sett sér það markmið að vera í fremstu röð grunnskóla í landinu, en til að svo megi verða þarf sameiginlegt átak allra; starfsmanna, nemenda og foreldra. Allar forsendur eru til

staðar. Aukið samstarf ofangreindra aðila og auknar kröfur til okkar sjálfra, aukinn metnaður, hvort sem við erum nemendur, foreldrar eða starfsmenn, ætti að tryggja að þetta markmið náist.

Skólinn hefur það mikilvæga hlutverk að veita nemendum ögrandi, hvetjandi námsumhverfi, sem tekur tillit til ólíkra þarfa og getu einstaklinga og dregur fram það besta í hverjum og einum.



Fjölbreytt viðfangsefni, góð blanda verklegra og bóklegra viðfangsefna, nýting nýrrar tækni, góð hreyfing og líkamsrækt, sjálf-sögun og þjálfun í tillitsemi og samstarfi, allt þetta þarf að vera hluti af skólastarfinu. Skólinn þarf að útskrifa nemendur fulla af sjálfstrausti tilbúna til að takast á við frekara nám eða störf. Skólinn þarf að útskrifa nemendur með góða kunnáttu í íslensku og tungumálum, færni í að leysa verkefni og leita upplýsinga og hæfileika til samstarfs og tjáningar hvort sem er í minni eða stærri hópum.

Útgáfa skólablaðs, sem nemendur eiga stóran þátt í að vinna, er hluti af fjölbreyttum viðfangsefnum skólans, verkefni sem er mjög mikilvægur hluti þjálfunar nemenda. Njótið lestrar Púlsins.



GSM símar

á tilboði

til 1. apríl



■ Nokia 3210



■ Nokia 3310

10% afsl.



■ Motorola V2288

9.980 kr.

með aulaframhlið

30% afsl.
af aukahlutum
með þessum fjörum sínum



■ Motorola T2288

8.980 kr.



1.500 kr.
Frelsi fylgir
þessum fjörum sínum

Hrönn Ríkharðsdóttir, aðstoðarskólastjóri:

Skólastarf Grundaskóla 2000 - 2001



Grundaskóli var settur með hefðbundnum hætti föstudaginn 1. september 2000. Allir nemendur komu á sal ásamt sínum umsjónarkennurum, þar sem þeir voru boðnir velkomnir í skólann. Nemendur eru um það bil 455 í 25 bekkjardeildum. Almennir fastráðnir kennarar eru 39 auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra. Einnig eru starfandi við skólann 4 stundakennarar. Skólinn er enn tvísettur.

Nám og starf

Kennsla hófst mánudaginn 4. september samkvæmt stundaskrá. Skólastarfið hefur að mestu verið með hefðbundnum hætti. Það er gaman að vekja athygli á nokkrum viðfangsefnum sérstaklega. Þar má nefna fyrirhugaða ritgerðar- og

verkefnasamkeppni íslenskra og færeyskra grunnskólanemenda þar sem verðlaunin eru ferð til Færeyja fyrir sigurvegarann og bekkjarfélag hans. Einnig kemur fram í hugann stórskemmtilegt verkefni sem nemendur í 4. bekk hafa í vetur unnið um heit og köld lönd undir stjórn umsjónarkennara sinna. Að lokum er vert að geta þess að Karl Hallgrímsson, kennari í 7. bekk er þátttakandi í verkefni sem heitir Viðátta. Í verkefninu er fjallað um kennsluhætti og þeir skoðaðir.

7. bekkur fór í Reykjaskóla á haustdögum og bæði 6. og 10. bekkur hafa farið í Skorradal á skólaárinu. Skíðaferðir eru þegar þetta er skrifað enn á dagskrá þegar snjórinn kemur. Lokaferð 10. bekkjar verður farin í maí og stefnt á Þórsmörk að venju.

Stóra upplestrarkeppnin verður

í mars. Þetta er í þriðja sinn sem nemendur Grundaskóla taka þátt í þessari keppni og það eru nemendur 7. bekkjar sem það gera. Árshátíð skólans verður í mars og er undirbúningur þegar hafinn. Knattspyrnumót innan húss og utan hafa farið fram og þau óvæntu tíðindi gerðust að nemendum tókst að sigra kennara í árlegum knattspyrnuleik. Hæfileika-keppni grunnskólanna var haldin í október og var mjög glæsileg. Það er mjög ánægjulegt að sjá hve alvarlega nemendur taka þessa keppni og ekki má gleyma framlagi kennara. Vart er á nokkurn hallað þótt Flosi Einarsson sé nefndur þar sérstaklega.

Sjávarútvegspema sem verður í 9. bekk á vordögum er orðinn árviss og ómissandi þáttur í skólastarfinu. Þar er um að ræða mjög skemmtilega og fróðlega nemendavinnu, sem lýkur með því að 9. bekkjarar bjóða til sjávarrétta-veislu.

Vorþema verður líkt og undanfarin ár í maí og þá vikur hefðbundið skólastarf fyrir útiveru og leik. Vorskólinn verður í maí. Þar er um að ræða samstarf leikskóla og grunnskóla sem byggir á verkefninu Brúum bilið.

Nemendur í 4. og 7. bekk fóru í samræmd próf í október og 10. bekkur undirbýr sig af krafti fyrir sín próf sem verða í lok apríl.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru. Vissulega mætti nefna fleira en engu að síður verður lát-
ið staðar numið.





Flestir, ef ekki allir unglingar á Akranesi hafa átt viðdvöl í félagsmiðstöðinni í Arnardal og sumir hafa dvalið þar langdvölum í góðra vina hópi. Arnardalur er gamalt hús og gömul hús eiga sér sögu.

Til að fræðast nánar um húsið og mannlífið í kringum það höfum við á Púlsinum fengið tvo valinkunna Skagamenn til að spjalla svolítið við okkur. Viðmælendur okkar eiga það sameiginlegt að vera mjög nátengdir húsinu, hvor með sínum hætti. Lilja Ingimarsdóttir ólst hér upp sem barn og unglingur, það var pabbi hennar sem byggði húsið og hún ber eðlilega hlýjar tilfinningar í brjósti til æskustöðvanna. Hún er orðin 82 ára gömul en ung í anda og stutt í hressileikann og glettnina sem hefur verið hennar aðalsmerki alla tíð. Einar Skúlason þarf vart að kynna. Hann hefur sem umsjónarmaður Arnardals og síðar æskulýðsfulltrúi Akranesbæjar verið húsráðandi hér í tæp 15 ár.

Fyrst langar okkur til að spyrja hvort þið þekkið.

Einar: Já, við Lilja erum góðir vinir frá fornu fari. Við Ingimar sonur hennar erum jafnaldrar og gamlir skólafélagar. Manstu Lilja, þegar við Ingimar vorum í kjallaranum hjá ykkur Árna á Brekkubrautinni að hlusta á Rollingana og Dylan?

Lilja: Jú, ég man vel eftir því. Það var svoddan andskotans há-

vaði að drundi um allt hús og fram á götu.

Einar: Þú lést okkur nú oft heyra það. Enda kannski ekki vanþörf á. En þú leyfðir okkur samt alltaf að vera ef við lofuðum að hafa lægra.

Lilja: Já, já greyin. Og ætli ég hafi ekki bara haft eitthvað gaman að því líka, þessu bitlaæði. Það voru sum lögin ykkar ekkert verri en symfóniurnar.

Lilja, þú varst sjö ára þegar þið fluttuð í húsið snemma á 3. áratugnum! Var Arnardalur hálfgerður bóndabær þegar þú áttir heima hérna sem barn?

Lilja: Það má segja það. Þegar faðir minn byggði þetta hús þá voru hér garðar og tún með skepnum allt í kring.

Hvað bjuggu hérna margir þegar mest var?

Lilja: Það voru ábyggilega svona milli 10 og 15 manns í heimili þegar mest var. Það voru pabbi og mamma, afi og amma, við systkinin og svo fjöldinn allur af vinnukonum og lærlingum.

Bjuggu lærlingar í húsinu?

Lilja: Já, pabbi var trésmíðameistari og lærlingarnir bjuggu hérna sumir og vinnukonurnar. Þar á meðal Siggí í Tryggvaskála og Þóra kona hans. Nína, skólaritariinn ykkar var í hópi barna þeirra sem fæddist hér.

Hvar í húsinu var trésmíðaverkstæðið hans pabba þíns?

Lilja: Það var þarna fyrir innan og svo fjósið inn af því.

Hér hefur

Rætt við

Var fjós í Arnardal?

Lilja: Já, elskan mín góða og meira segja hlaða og hænsnahús. Hænsnaræktin hjá honum pabba var mjög sérstök.

Segðu okkur frá því.

Lilja: Hann var svo braskenndur hann pabbi.

Braskenndur?

Lilja: Já hann útbjó svona hálfgerða flæðilínu þar sem hver hæna var með sitt númer og sinn stað. Þá gat hann séð hvað hver og ein verpti mikið. Þær sem verptu lítið sem ekkert voru drepnar og hafðar í matinn. Svo útbjó hann stimplil og stimplaði mánaðardaginn á egginn þannig að allir sem keyptu af honum egg gátu vitað hvort þau voru gömul eða ný. Hann lét suma trúa því að hæurnar verptu þeim svona. Með dagsetningu og öllu. Hahaha..., þetta var helvíti gott hjá honum.

Segðu okkur meira frá húsinu.

Lilja: Hérna niðri var verkstæðið og fjósið. Og eldhúsið á sama stað og núna. Það var nú aðal staðurinn í húsinu. Þar sat heimilisfólkið og gestirnir og drakk kaffi, sagði fréttir, spilaði og saumaði og hlustaði á sögur. Sumir sem komu voru svo asskoti skemmtilegir að maður sætti færís að smokra sér inn og hlusta. Það var líka farið með vísur og sungið og spilað á harmoníku. Stundum endaði þetta með því að einhverjir fóru að dansa. Það dansaði stundum með svoddan hamagangi að allt ætlaði um koll að keyra. Stundum held ég beljunum hafi þótt nóg um lætin og létu heyra í sér á móti. En þetta var nú allt saman saklaust gaman.

Þetta hefur þá verið eins og hálfgerð félagsheimili í gamla daga líka?

Lilja: Já, já, það var oft líf og fjör.

Er alltaf verið góður andi

Einar Skúlason og Lilju Ingimarsdóttur um Arnardal

Var svona mikið fjör uppi á lofti?

Lilja: Nei, nei, biðdu fyrir þér, elskan mín. Þó kom það fyrir. Þar sváfu allir á næturna og stutt á milli eins og gengur. Stundum var það að rekast hvað á annað í myrkrinu. Einu sinni kom þarna lærlingur með forláta kopp að austan. Þetta var svona útlent finerí, emaleraður postulínskoppur með handfangi. Nema hvað, strákurinn með koppinn var látinn sofa í herberginu hjá okkur Steinu systur, við vorum saman í rúmi við gluggann en lærlingurinn beint á móti og svo vinnukona undir súð. En hún var nefnilega vön því að taka alltaf koppinn hans. Þá voru nú ekki til klósett eins og er í dag og kalsasamt að fara á kamarinn í skammdeginu. Það var svoddan gegnumtrekkur út af túðunum á honum. Svo fór strákurinn að kvarta yfir þessu við Sigga, að hann fengi ekki frið með koppinn og hann gæti ekki hugsað sér að fara út um miðjar nætur til að pissa. „Við reddum þessu,“ sagði Siggí. „Við þurfum að fá okkur snæri.“ Hann útvegar sér snæri og bindur það við innri löppina á rúminu og svo í haldið á koppnum og mátar það svona við sig. Þannig að þegar staðið er upp með koppinn þá kippir í. Svo segir Siggí: „Það er ómögulegt að hafa koppinn tóman. Við verðum bara að pissa í hann.“ Og svo rembast þeir og pissa í koppinn og setja hann svo undir rúmið hjá stráknum. Síðan þegar liður á kvöldið kemur vinnukonan með þessum voða hamagangi í mórauða undirpilsinu sínu og rifur í koppinn. Við þorðum ekki að sofna við Steina, vildum ekki missa af þessum ósköpum. Og svo þegar hún kippir í koppinn, þá skvettist allt framan í hana. Það voru aldeilis vein og

læti. Hahaha, jaja.

Var þetta ekki bara mátulegt á hana fyrst hún tók koppinn alltaf í leyfisleysi?

Lilja: Æ, ég veit það nú ekki góða mín. En það féll nú allt í ljúfa löð á eftir, fólk var bara að hafa svona saklaust grín að þessu.

Einar! Meðan Lilja leitar að kvæðinu eftir Brautarholtsbræður, sem hún ætlar að lesa fyrir okkur á eftir, geturðu þá ekki sagt okkur svolítið frá starfsseminni í Arnardal.

Einar: Af mörgu er að taka.

Það. Flestir krakkar á Akranesi hafa átt hér viðkomu á unglingsár-unum. Í mismiklum mæli þó. Það er ekki óalgengt að krakkar taki þetta í tórnum á ákveðnu skeiði. Mæta þá alla daga og dvelja langdvölum.

Eyða kannski sumir of miklum tíma hér?

Einar: Það vil ég ekki segja. Hins vegar verður að minna krakkana á að svona tómtundastarf er bara aukageta. Þau eiga að sinna skólanum og því sem þau



Lilja og Einar minnst góðra daga í Arnardal.

Ýmisleg klúbbstarfssemi og námskeið eru í gangi á hverjum vetri. Það getur verið mjög fjölbreytilegt, allt eftir því hver áhuginn er hjá krökkunum. En stærstur hluti af starfsseminni er þó alveg frjálsg og opinn. Hér geta unglingar komið og verið eins og þeim sýnist, svo lengi sem þeir virða reglur hússins.

Er húsið vel sótt?

Einar: Já, ég held ég megi segja

hafa bundist í t.d. íþróttafélögum, tónlistarskóla ofl. Allt slíkt á auðvitað að hafa forgang.

Hvernig sérðu fyrir þér framtíð Arnardals?

Einar: Ég sé ekki annað en Arnardalur muni standa sem félagsmiðstöð í næstu framtíð. Þetta er að vísu ekki nútímalegt herna og herbergin lítil miðað við t.d. stóru salina í félagsmiðstöðvunum í

Reykjavík. En kannski er það einmitt kostur. Þannig er þetta meira eins og heimili en stofnun. Ég hef aldrei litið á Arnardal sem stofnun. Aldrei.

Lilja: Heyrðu! Það var ein sem fór héðan, nei, hún leigði nú hjá Eyva og Möggu, hérna í Stautinu sem við köllum, á móti Esjubergi. Hún var þar í súðarherbergi. Svo fer hún upp á Höfða þegar opnaði þar. Hún svaf ekkert í fleiri nætur. Og veistu af hverju?

Nei.

Lilja: Það var svo hátt til lofts og vítt til veggja. Hún hafði alltaf sofið undir súð. Og hún var færð aftur niður eftir til Eyva og Möggu og fékk sitt herbergi og dó þar eftir tvo daga. Sæl og södd eins og þar stendur. Henni fannst þetta allveg voðaleg viðátta.

Einar: Á báðum þessum stöðum, Arnardal og Höfða held ég að sé unnið í þeim anda að hafa þetta heimilislegt. Reynt að forðast stofnanabraginn eins og mögulegt er. Ertu ekki sammála því Lilja.

Lilja: Jú. Það fer fjarska vel um mann þarna innfrá. Eg held að þetta séu góð hús hvorutveggja þó ólík séu.

Fylgir húsinu góður andi?

Einar: Já. Hér hefur alltaf verið góður andi. Ef ég á að vera hrein-



skilinn þá þykir mér afar vænt um þennan stað, þetta er gott hús sem hefur gert mikið gagn í langan tíma. Hér var, eins og Lilja hefur lýst fyrir ykkur iðandi mannlíf með skepnuhaldi, garðrækt og trésmíði á 3. áratugnum. Þar á eftir var dvalarheimili aldraðra til húsa hérna í rúma þrjá áratugi og nú síðast eins og þið sjálf vitið félagsheimili fyrir unglunga. Hér var meira að segja rekið útibú fyrir grunnskólann haustið 1980 og minnir mig að kennari ykkar hann Sigurður Arnar hafi verið nemandi hér part úr vetri.

Lilja: Ég man nú ekki hvað pabbi sagði þegar þetta var gert að elliheimili. Það var árið 1938 minnir mig. Ég held hann hafi ekki verið ósáttur við það. En ég man að hann var mjög glaður þegar hann skömmu fyrir andlátið frétti að það ætti að starfrækja hér æskulýðsheimili. Það stóð jafnvel til að rífa þetta á sínum tíma.

Það var nú gott að þetta var ekki rífið. Og vonandi fær Arnardalur að standa lengi enn. Við þökkum ykkur kærlega fyrir skemmtilegt og fræðandi viðtal.

Eftirtaldir viðskiptaaðilar skólans styrktu útgáfu blaðsins



AKRANESVEITA



Blikkverk sf.



Tölvuþjónustan
Akranesi

PK Iagnir

Jónatan Pálsson

málameistari



Starfsfólk Grunda- skóla

Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu hætti Nína Sigurðardóttir skólaritari í febrúar. Lilja Kristófersdóttir var ráðin í hennar stað og hún byrjaði 1. febrúar.

Allmargir kennarar eru í leyfi í vetur. Ragnheiður Ásgeirsdóttir er í námsleyfi í Danmörku, Jóhanna Karlsdóttir og Karl Ómar Karlsson eru í námi, Rósa Einarsdóttir og Sigtryggur Karlsson eru við störf annars staðar. Eygló Gunnarsdóttir er í barneignarleyfi. Dóra Lindal, Eygló Karlsdóttir, Hallbera Jóhannesdóttir og Sif Þráinsdóttir sögðu upp sínum stöðum. Nýir kennarar eru Heiðrún Hámundardóttir, Karl Hallgrímsson og Margrét Ákadóttir. Borghildur Jósúadóttir, Elmar Þórðarson, Gunnar Sturla Hervarsson, Helena Bergström og Ólöf Guðjónsdóttir komu aftur til starfa.

Guðriður Árnadóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir, gangaverðir sögðu upp, í stað þeirra voru ráðnar Ingveldur Jónsdóttir og Rut Hjartardóttir. Vigdís Eyjólfsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur kom í stað Bjarkar. Sigrún Vigdís Gylfadóttir var ráðin í skóladagvistina.



F.v.: Anna, Tina, Lise og Morten.

Danskir kennaranemar í Grundaskóla

Síðari hluta haustannar voru fjórir danskir kennaranemar frá Svendborg á Jótlandi í starfsnámi í Grundaskóla undir handleiðslu Sigríðar Ragnarsdóttur. Það voru aðallega nemendur í 9. bekk sem nutu góðs af veru þeirra og fengu rikulegan skammt af dönsku eins og innfæddir tala hana. Vonandi nýtist það krökkunum þegar fram í sækir.

Í stuttu spjalli við blaðamenn Púlsins kváðust þeir vera mjög ánægðir með dvöl sína við skól-

ann. Þetta hafi verið bæði skemmtileg og gagnleg lífsreynsla fyrir þá. Aðspurðir kváðust þeir ekki skynja neinn reginmun á skólalaldi hér og í Danmörku. Krakkarnir hér virtust gláðir og frjalsir í fasi ekki síður en jafnaldrar þeirra í Danmörku en námsáhugi þeirra misjafn eins og gengur.

En þá er spurningin þessi: „Hvernig stendur á veru þeirra hér? Af hverju að fljúga þessa löngu leið yfir Atlantshafið til að þjálfa sig í kennslu unglinga á Íslandi?“


„Ævintýralöngun“ sögðu þau einum rómi. Að viðbætti löngun til að víkka sjóndeildarhringinn og afla sér sem víðtækastrar reynslu. Og þegar valið stóð á milli Íslands og einhvers annars lands í N-Evrópu þá var ekkert hik á þeim. Sögueyjan með sinni víðfrægu náttúru skyldi sótt heim fyrst tækifærið gafst. Og varla hafa þau verið svikin af dvöl sinni hér því þau eru öll harðákveðin í því að koma hingað aftur við fyrsta tækifæri. Púlsinn óskar þeim velfarnaðar og þakkar góð kynni.



Samvinnuferðir-Landsýn

NÓTASTÖÐIN hf.
Sími: 431 2303 & 431 2703 - Fax: 431 1010





Nýbygging og einsetning árið 2002

Í desemberlok var undirritaður samningur Akranesbæjar og Loftorku Borgarnes ehf um nýbyggingu við Grundaskóla, sem taka á í notkun haustið 2002. Hönnun er unnin af Markstofunni Akranesi.

Með tilkomu nýbyggingarinnar næst mjög mikilvægur áfangi með einsetningu Grundaskóla og tilheyrandi breytingum og tækifærum í skólafinu.

Nýbyggingin byggist í suðvestur út frá bókasafni í átt að íþróttasvæði. Um er að ræða rúmlega 1000 fermetra byggingu á tveimur

hæðum, tíu nýjar kennslustofur, sem ætlaðar eru nemendum á miðstigi, 5. - 7. bekk. Tvö tónlistarherbergi eru fyrir kennslu á vegum Tónlistarskólans, geymslur og aðstaða fyrir gangaverði og nýtt anddyri. Þá verður tölvustofan við bókasafnið færð til og endurnýjuð.

Fatahengi og salerni eru inni í skólafunum og hópherbergi við flestar þeirra.

Samhliða þessum framkvæmdum þarf að gera ýmsar lagfæringar á eldri byggingum. Skóladagvist verður flutt á efri hæð C-hluta

(elsta bygging) og verður hún þar í tengslum við kennslusvæði yngri barna. Innrétta þarf aðstöðu ráðgjafa og skólahjúkrunarfræðings og tölvustofu þar sem skóladagvist er nú. Einnig þarf að útbúa aðstöðu fyrir afgreiðslu eða hitun á mat fyrir nemendur auk þess sem lyftu vantar í elstu bygginguna.

Skólinn hefur búið við ágæta aðstöðu en eftir þessar breytingar allar verður aðstaðan til mikillar fyrirmyndar og tilhlökkunarefni að takast á við fjölmörg tækifæri sem einsetningin og bætt húsnæði gefur.

Heimilistæki með reynslu

Candy

SIEMENS

Creda

ZANUSSI

GRAM

rafþjónusta
sigurdórs ehf

SKAGABRAUT 6 – 300 AKRANES
SÍMI: 431 1902 & 431 2156
NETFANG: rafsigurdors@islandia.is

Tölvur og tónlist í Grundaskóla

Þegar unglingar eru spurðir út í áhugamál sín, nefna þeir oftast, tónlist, tölvur, íþróttir, kvikmyndir og fleira í þeim dúr. Því skýtur dálítið skökku við að tónlistarkennsla er sleppt á ungl-ingastigi í flestöllum grunnskólum landsins. Því er hins vegar ekki þannig farið í Grundaskóla þar sem tónlistarkennsla hefur verið, frá upphafi í öllum árgöngum skólans. Síðustu árin hefur áhug-inn fyrir tölvum aukist verulega og í kjölfarið hefur tónlistarkennslan á ungl-ingastigi tekið sífellt meira mið af því. Tölvukostur skólans hefur stórbatnað og því hafa skap-ast mörg tækifæri fyrir fjölbreytt og skemmtileg verkefni á þessu sviði.



Í ungl-ingadeild er tónmennt ein af valgreininum og fjölmargir nemendur sem hafa komið þar við sögu. Í gegnum tíðina hafa verið gerð kynstrin öll af lögum og myndböndum auk þess sem nem-endur hafa gert heilu kvikmynd-irnar sem byggðar hafa verið á tónlist þeirra sem samin var í tölv-

um. Ný tækni gerir það síðan kleift að fullklára tónlistina inn á geisladiska, prenta hana út á nótur eða setja inn á vefsíður. Einnig hafa nemendur gert útsetningar á lögum annarra, samið tónlist við tölvumyndverk, unnið margmið-unarverkefni þar sem blandað hef-ur verið saman frumsaminni tón-

list, myndverkum, texta og hreyfi-myndum. Ljóst er að slík verkefni eru af hinu góða vegna þess að nemendur fá svo sannarlega útrás fyrir sköpunarþörf sína auk þess sem þeir læra að nýta sífellt fjöl-breytilegri möguleika sem tölv-urnar bjóða upp á.



Dansinn dunar

Þegar erfiðum miðannarprófum lauk upp úr miðjum febrúar stígu nemendur léttan dans undir stjórn Jóhönnu Árnadóttur. Ekki er annað að sjá á meðfylgj-andi mynd en að æfingaprógram danskennarans hafi

skilað góðum árangri. Að minnsta kosti höfðu krakkarnir gaman af þessum óvænta viðburði í skóla-starfinu og verður vonandi framhald á.

„Eins og að labba inn í an

Viðtal við Kolbrúnu Ýr Kristjánsdóttur

Flesta íþróttamenn dreymir um það í æsku að keppa á Ólympíuleikum. En vegna þess hve samkeppnin er hörð og kröfurnar gríðarlegar þá verða flestir að sætta sig við að komast aldrei.

Hjá Kolbrúnu varð draumurinn að veruleika þegar hún aðeins 16 ára gömul keppti á Ólympíuleikum í Sydney sumarið 2000. Það þarf varla að taka fram að með þessu varð hún fyrsti, en vonandi ekki síðasti nemandi Grundaskóla til að ná þessum einstæða árangri.

Hvenær léstu þig fyrst dreyma um að keppa á Ólympíuleikum?

Ég var þrettán ára. Og ég var nógu vitlaus til að glopra því út úr mér við einhvern blaðamann sem sló því upp í fyrirsögn. Eftir það var ekki aftur snúið.

Hvaða fórnir þarf að færa til að komast á Ólympíuleika?

Bara æfa og æfa. Á morgnana áður en skólinn byrjar og svo á kvöldin. Maður hefur ekki mikla orku afgangs fyrir annað og ekki heldur mikinn tíma. Maður fer á mis við margt af því sem jafnaldrarnir eru að gera. Stundum koma tímabil þar sem maður er alveg rosalega þreyttur.

En er það samt þess virði?

Já. Ég fann það svo greinilega á Ólympíuleikum að allt erfiðið var þess virði. Ég hefði ekki viljað fara á mis við þetta. Þetta er svo stórkostleg upplifun að það er erfitt að lýsa því. Maður er í svo góðum félagsskap, bæði með löndum sínum og svo fólki allstaðar að og andrúmsloftið einhvernvegin rafmagnað af góðum tilfinningum.

Hvernig leið þér kvöldið og nóttina fyrir fyrstu keppnisgrein þína?

Ég var rosalega þreytt. Ég var búin að vera að drepast í bakinu alla vikuna og svo þurfti maður að



standa svo lengi á opunarhátíðinni. Ég reyndi samt eins og ég gat að slaka á og fara yfir sundið í huganum áður en ég sofnaði.

Hvernig leið þér þegar þú gekkst inn í sundhöllina og fram á laugarbakkann?

Það var eins og að labba inn í annan heim. Þarna voru tæplega tuttugu þúsund áhorfendur sem klöppuðu og öskruðu. Maginn var alveg á fleygiferð og augun út um allt.

Manstu hvaða hugsanir leituðu á þig?

Guð ég veit það ekki! Ég bara veit það ekki. Ég held að ég hafi alveg blokkerast. Bara að standa sig sem best. Það var mjög erfitt en ég tók á öllu sem ég átti.

Þetta hefur verið dýrmæt reynsla fyrir þig upp á framtíðina. Stefnir þú á næstu Ólympíuleika?

Já, pottþétt! Ápena 2004! Það hlýtur að verða alveg sérstakt því Grikkland er föðurland Ólympíuleikanna. Ég man þegar ég var að lesa um þetta í mannkynssögubókunum hvað þetta var allt mikill ævintýraheimur með marmarahöllum, hetjum og öllu mögulegu.

Ég vona svo sannarlega að ég nái að keppa þar.

Ætlar þú kannski að leggja enn harðar að þér næstu árin?

Já, ef allt gengur eftir þá ætla ég að gera það. Ég veit núna enn betur hverju þarf að kosta til að komast í hóp hinna bestu. En auðvitað þarf ég líka að hugsa um skólann. Ég verð þá vonandi búin að ljúka stúdentsprófi.

Hvernig líkar þér í Fjölbraut?

Mér líkar vel. En það tók tíma að venjast breytingunni. Í Grundaskóla höfðum við greiðari aðgang að kennurum okkar. Ef það var eitthvað sem við skildum ekki þá gátum við bara kallað upp: „Heyrðu, ég kann þetta ekki, ég þarf hjálp“ og þá var kennarinn hjá þér og reyndi að kenna þér þetta. Í Fjölbraut verður hver og einn að fylgjast vel með og treysta svo meira á sjálfan sig. En auðvitað höfum við meira frelsi í Fjölbraut. Við erum þarna meira fyrir sjálf okkur en t.d. mömmu og pabba. Og þegar vel gengur er mjög gaman.

Hvernig voru árin í Grundaskóla?

nan heim“

Þau voru frábær. Ég man ennþá eftir því þegar við vorum á hólnum að leika okkur í snjókastu eða fórum í „kyss kyss og út af.“ Það voru alveg ótrúleg uppátæki á þessum árum. Þegar ég var 7 ára þurfti ég alltaf að koma með aukapör af sokkum. Ég óð svo mikið í pollunum, sérstaklega í stóra pollinum á krúsarsvæðinu. Stundum lét mamma mig líka hafa aukapar af buxum. Dag eftir dag varð ég rennandi blaut. Þetta var einhver vaðarátta sem seinna meir breyttist kannski í sundárattu.

Hvert er eftirminnilegasta atvikið úr Grundaskóla.

Þau eru nú mörg og erfitt að velja eitt. Ég man þó alltaf eftir erjunum á milli Sigga og Flosa. Það var auðvitað allt í góðu á milli þeirra, þeir voru að þessu til að skemmta bæði sjálfum sér og krökkunum. Stundum gat þetta þó orðið ansi vígalegt. Einu sinni hafði Flosi bundið hurðina aftur með trefli á stofunni þar sem við vorum inni með Sigga. Það var ekki nokkur leið að leysa hnútinn og við urðum að hirst þarna inni þangað til gangaverðirnir skáru trefilinn í sundur. Þetta kostaði sem sagt trefil sem ég man ekki hver átti. En Siggí bætti um betur þegar hann borgaði fyrir sig næsta dag. Þá lokaði hann stofunni hjá Flosa með enn öðrum trefli og sprautaði svo skítafýluspreyi undir hurðina. Það var ægileg lykt sem var til vandræða í marga daga á eftir.

Voru þeir svona svakalegir þá?

Ja, kannski verð ég nú aðeins að draga í land. Kannski voru það ekki þeir sem gerðu þetta heldur einhverjir nemendur. En svona var sagan samt.

Eitthvað að lokum, Kolbrún.

Bara að skila góðri kveðju upp í skóla og þakka fyrir gómlu góðu.

Morgunsumd

gefar gull í mynd



BJARNALAUG OPIN:

Mán. - Föst. kl. 7:30 - 9:00

Þrið. - Fim. kl. 12:00 - 13:00

Föst. (upph. laug í 33?) kl. 16:30 - 19:00

Föst. ungl. tímar kl. 19:00 - 22:00

Sími 431 1218

JÆÐARBAKKALAUG OPIN:

Mán. - Fös. kl. 06:45 - 21:00

Laug. og sun. kl. 09:00 til 18:00

Sími 431 2643

Þrek, sund og gufa fyrir aðeins 180. kr

Leiðbeinandi í tækjasal:

Mán. - fim- föstud kl. 7 - 9

Þrið. - mið. kl. 7 - 8

Mán. - föst. kl. 17:30 - 19:30

Unglingakvöld Bjarnalaug

á föstudögum

frá 19:45 til 21:00

fyrir 5., 6. og 7. bekk



Jæðarbakka-
laug og Bjarnalaug

Hágæða útprentun á skömmum tíma

Hjá Prentverk Akraness færð þú persónulega og hraða þjónustu.

Stafræna prentvél og litljósritunarvél sem hentar vel fyrir minni upplög t.d. nafnspjöld, veggspjöld, glærur og fleira.

XEROX

Upplagt fyrir ritgerðir og skýrslur í litlu upplagi



PRENTVERK AKRANESS HF.

Heiðargerði 22 • 300 Akranes

Sími: 431 1127 • Fax: 431 1804

Netfang: prak@aknet.is



Harðákveðin í að ná honum

Viðtal við Margréti Ákadóttur, kennara

Hún Magga Áka, sem áður fyrir skottaðist hér um Grundirnar í eltingaleik við stráka og stelpur í hverfinu, hún var sjálf sjö ára þá, er nú orðin ráðsettur kennari hér við skólann. Það er annars merkilegt hvað gamlir nemendur við Grundó sækja hingað til baka eftir að hafa gert garðinn frægan út um öll lönd. Nægir þar að nefna Ellu Davíðs, Jón Þór Þórðar, Lóu Guðjóns og Siggú Indriða.

Vonandi er máltækið „þangað leitar klárinn sem hann er kvaldastur“ ekki lýsandi fyrir þessa tilhneigingu?

Nei. Mér hefur alltaf liðið vel í Grundaskóla. Bæði sem nemanda og kennara. Ég kann vel við andann sem ríkir hér.

Hefur þú ekkert breyst frá því þú varst hér?

Ja, fyrir utan það að sum „húsgögnin“ hafa víst elst um hálfan annan áratug þá finnst mér lítið hafa breyst. Þessi gömlu góðu virðast enn í fullu fjöri þótt ótrúlegt sé, andinn er sá sami og vinnulagið svipað. Þó er það náttúrulega bara eins og í öllum skólum aðeins meiri kröfur og farið að taka fyrir á vandamálum sem koma upp eins og t.d. einelti.

Nú ert þú að kenna í 6 ára bekk. Hver er munurinn á því og í eldri bekkjum?

Í sex ára bekk þarf að leggja mikla áherslu á að kenna þeim rétta hegðun eins og t.d. að sitja kyrr og hlusta. Einnig svona praktíska hluti eins og að reima skóna sína og fleira í þeim dúr.

Þarf ekki líka stundum að hugga þau?

Jú, það er næstum því dagleg rútína.

Hvað grætir þau helst?

Oftast nær eitthvað sem við stóra fólkið mundum segja að væru algjör smáatriði. Stundum

eru þau kannski að kljást út af eftirsóttu leikfangi og eiga erfitt með að þurfa að gefa sinn hlut eftir. Stundum er einhver einmana, finnst hann vera skilinn eftir úndan. Oft eru þau líka að detta og meiða sig á leikvellingum og koma skælandi inn í stofu. Einstaka sinnum kemur fyrir að þau fara að skæla upp úr þurru, eru þá kannski eitthvað leið eða hrædd.

víst ekki hjá því komist því við erum svo misjöfn. En það er auðvitað alltaf reynt að taka mið af þörfum einstaklinganna t.d. með stuðningi og sérkennslu.

Að lokum Magga! Varstu aldrei send til fundar við Gutta?

Neei!... En einu sinni fór ég þangað sjálfviljug.

Hvernig atvikaðist það?

Æ, við vorum í einhverjum elt-



En sem betur fer eru þau oftast fljót að taka gleði sína á ný.

Hvað er skemmtilegast við kennslu yngri barnanna?

Það er eiginlega skemmtilegast að horfa á þau fást við einhver viðfangsefni sem þau gleyma sér í af einskærum áhuga. Maður kannski er búinn að vera að útskýra eitthvað fyrir þeim og hjálpa þeim af stað og horfir svo úr fjarlægð á hvernig þau halda áfram og taka framförum hægt og sigandi. Þá er eins og maður sjái árangur af starfinu.

Finnst þér gaman að kenna?

Já, það er gaman. En líka erfitt.

Hvað er erfitt?

Ja, það er stundum heilmikið álag sem fylgir þessu. Manni finnst að maður beri svo mikla ábyrgð. Því hjá sumum börnum fer fljótlega að bera á erfiðleikum bæði hvað varðar nám og líðan. Það er

ingaleik ég og einn strákur í bekknum . . . ég man ekki hvað við vorum gömul, svona átta eða níu og hann hafði eitthvað verið að stríða mér . . . eða kannski hafði ég byrjað og ég var harðákveðin í því að ná honum hvað sem það kostaði. Leikurinn barst alla leið niður á kennarastofu þar sem Gutti sat ásamt nokkrum kennurum yfir kaffibolla. Þar hélt leikurinn áfram í einn hring kringum borðin áður en ég náði stráknum og lét hann hafa einn umgang fyrir framan nefið á skólástjóra. Fundurinn með honum kom svo auðvitað í beinu framhaldi og ég varð að gjöra svo vel að laglega skammast mín á eftir.

Já, Möggu Áka var ekki lísjað saman og vonandi fær skólinn að njóta krafta hennar sem allra lengst. Við þökkum henni fyrir viðtalið.

Erfiðustu krakkarnir hafa oft orðið bestu vinir manns

Viðtal við Hjörleif í sundlauginni

Starfsfólkið á Jaðarsbökkum á mikil og góð samskipti við nemendur Grundaskóla. Á hverjum virkum degi tekur það á móti heilum herskara af börnum og unglingum sem eru komnir til að iðka leikfimi eða sund.

Oft er líf og fjör og eins og vera ber. En þegar ærslagangurinn keyrir úr hófi kemur til kasta starfsfólksins að stilla til friðar og halda uppi röð og reglu. Það er örugglega vandasamt starf og stundum vanþakklátt, ekki síst þegar upp koma óhjákvæmilegir árekstrar á milli hagsmunaaðila.

Hjörleifur Helgason hefur gegnt þessu starfi með mikilli þryði síðastliðin 17 ár. Til að fræðast nánar um manninn og starfið skruppum við út í sundlaug og tókum hann tali.

Hvað ertu búinn að starfa lengi sem sundlaugarvörður?

Ég byrjaði hér á Jaðarsbökkum haustið 1988 en hafði áður unnið í 5 ár í Bjarnalaug. Samtals eru þetta víst um 17 ár.

Eru krakkar ekki miklu óþekkari í dag en fyrir 17 árum þegar þú varst að byrja?

Nei, það finnst mér ekki. Ég held meira að segja að þau séu að sumu leyti meðfærilegri en áður var.

Samt er oft verið að tala um agaleysi hjá unglingum.

Já, auðvitað mætti aginn vera meiri, ekki síst hjá yngri börnunum. Það tekur oft tíma fyrir þau að tileinka sér ýmsar þær reglur sem verða að vera og eins finnst mér að þau séu ekki alltaf nógu tillitssöm hvert við annað. En hjá flestum lagast þetta með aldrinum. Mörg þeirra eru líka í íþróttum og læra þá smátt og smátt að beygja sig undir ákveðinn aga.



Hvað er skemmtilegast við starfið?

Það er að umgangast krakka eins og ykkur. Það er mjög gefandi að fá tækifæri til að kynnst svona mörgum krökkum og fylgjast með þeim frá fyrsta bekk og upp úr. Sjá þá breytast úr litlum börnum í hálffullorðið fólk.

Hvað er erfiðast við starfið?

Það er þegar upp koma árekstrar og maður þarf að beita hörðu. Það getur maður tekið nærri sér en sem betur fer er það sjaldan.

Eru ekki sumir krakkar erfiðari en aðrir?

Jú, en það eru sem betur fer fáir sem hafa verið til stórvandræða. Þó er alltaf einn og einn sem maður á í erfiðleikum með. En það hefur nú samt farið þannig að erfiðustu krakkarnir hafa oft orðið bestu vinir manns þegar þeir komast til vits. Óþekkir krakkar geta nefnilega oft verið svona finir karakterar inn við beinið.

Þetta látum við verða síðustu orðin í viðtalinu og þökkum Hjörleifi sem og öllu öðru starfsfólki á Jaðarsbökkum kærlega fyrir sitt góða framlag til skólastarfsins.

Eftirfarandi gullkorn er úr prófritgerð tólf ára nemanda um Sviss: „Höfuðborg Sviss heitir Amsterdam. Þar var mjög skakkur turn og mikill fjöldi kvalveiðibáta sem eru nú að mestu útdauðir.“ Þá vitum við það.

Úr gamalli prófritgerð nemanda í 9. bekk um Frönsku byltinguna: „Byltingin hófst vegna þess að enginn matur var til í landinu. Þá urðu konurnar svo máttfarnar að þær neituðu að sofa hjá mönnum sínum. Þetta ástand leiddi til mikils óróa sem smátt og smátt magnaðist upp. Að lokum var þrýstingurinn á konurnar orðinn svo mikill að kalla varð út Rauða krossinn til að lægja öldurnar.“ Söguskýring sem segir sex.

Njóttu þín í leik og starfi

Hewlett-Packard OmniBook XE3 - þar sem þú vilt vera.

Skólatilboð

Valkostur A:

- HP OmniBook XE3 ferðatölva með:
- Intel Celeron 650 Mhz örgjörva
 - 128 MB SDRAM minni
 - 10 GB hörðum disk
 - 12,1" TFT skjá - 800x600 upplausn
 - 8MB AGP skjákorti með sjónvarps-útgangi
 - 24x geisladrifi og 3,5" diskíngadrifi
 - Innbyggðu 56KB mótaldi
 - NIHM rafhlöðu með allt að 4. kst. endingu
 - Windows 98 stýrikerfi og vírusvörn.

Tilboðsverð aðeins kr. 158.900*
með fartölvutryggingu í 1 ár.



TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI

*Verð miðast við gengi USD þana 15.02.01

Valkostur B:

- HP OmniBook XE3 ferðatölva með:
- Intel Pentium III 700 Mhz örgjörva
 - 128 MB SDRAM minni
 - 20 GB hörðum disk
 - 14,1" TFT skjá - 1024x768 upplausn
 - 8MB AGP skjákorti með sjónvarps-útgangi
 - 8xDVD geisladrifi og 3,5" diskíngadrifi
 - Innbyggðu 56KB mótaldi og 10/100 netkorti
 - Lithium Ion rafhlöðu með allt að 4. kst. endingu
 - Windows 98 stýrikerfi og vírusvörn.

Tilboðsverð aðeins kr. 264.900*
með fartölvutryggingu í 1 ár.

PCMCIA netkort fyrir þráðlaus samskipti kr. 14.900,-



Ljóð

Sólin

Sólin er uppi á vegg
en hún skín ekki
enda er hún úr pappa
og brosir til mín
eins og nýfætt barn.

Ylfa Flosadóttir 6. SKr

Vetrarnætursólin

Vetrarnætursólin
sem er köld og drungaleg,
skær og hvít.

Vetrarnætursólin
á sér vini og vinkonur
uppi á himni.

Vetrarnætursólin
á sér hjarta systur
frá morgni til kvölds um sumur.

Vetrarnætursólin
tekur sér frí öðru hverju
og þá söknum við hennar.
Inga Guðlaug Valdimarsd. 7. KH

Bréfið

Ég sit úti á tröppum
og yrki ljóð um þig.
Það á að vera eins sætt og þú
því ég elska þig.

Rikka Emilía 6. SS

Kennari í kristinfræði var eitt sinn að útskýra söguna um „góða hirðinn“ fyrir ungum nemendum sínum og gaf dæmi: „Ef þið væruð týnd lömb sem mér væri annt um, hvað mundi ég þá gera?“

Nemendur hugsuðu sig lengi um þangað til gall í einum: „Þú mundir auðvitað jarma hástöfum.“

Ónefnd ljóshærð stúlka í Grundaskóla mætti einu sinni of seint í fyrstu kennslustund dagsins. Hún gekk hikandi til kennarans og sagði í lágum hljóðum: „Ég vaknaði bara yfir mig.“

Viðtöl við 6 ára börn

Trausti.

Hver bjó til Akranes?


Guð.

Hvar sofa fuglarnir á næturna?

Undir vængjunum sínum

Af hverju kemur veturinn?

Svo hitinn geti farið hinumegin á hnöttinn.



Inga María.

Hver bjó til Akranes?

Guð.

Af hverju gerði hann það?

Svo fólkið geti lifað.

Hvernig verður snjórinn til?

Hann dettur niður úr skýjunum.

Sólveig.

Hver bjó til Akranes?

Víkingarnir.

Af hverju gerðu þeir það?

Til að þeir mundu eiga heima í húsunum.

Hvar sofa víkingarnir?

Í rúmunum sínum.



Kristrún.

Er gaman í skólanum?

Já.

Hvað er skemmtilegast?

Teikna.

Hvað ertu nú að teikna?

Sveitina.

Er hundurinn góður við kisu?

Já, hann hjálpar henni stundum.



Elisa.

Finnst þér líka gaman að teikna?

Já.

Teiknarðu voða finar myndir?

Jebb.

Hvaða myndir?

Kisumyndir.

Er ekkert annað á myndinni.

Nei, þau eru ekki komin.



Ómar Logi.

Hvað finnst þér skemmtilegast?

Í bílabrautinni.

Keyrir þú hratt?

Nei.

Glannar þú aldrei?

Bara stundum.




Árgangur

Það er ótrúlegt til þess að hugsa að við förum bráðum að kveðja skólann okkar. Hver hefði trúað því að tíminn yrði svona fljótur að líða. Það eru heil 10 ár síðan við byrjuðum í skólanum, heil eilífð en í rauninni hefur þetta liðið svo hratt að það er eins það hafi gerst í gær.

Fyrstu árin!

Það var í september árið 1991 sem þessi umtalaði árgangur hóf skólagöngu sína. Það voru þær Ásta Egilsdóttir, Hrönn Jónsdóttir og Edda Agnarsdóttir sem tóku á móti okkur og vorum við undir þeirra stjórn fyrsta árið. Og Edda var svo ótrúlega köld að hún hélt áfram með okkur upp í 6. bekk með Guðrúnu Geirsdóttur og Borghildi Jósúadóttur.

Á þessum tíma var hóllinn í miklu uppáhaldi hjá krökkunum í skólanum. Hver man ekki eftir stanslausum bardögum milli stráka og stelpna? Þær reyndu aftur og aftur að komast upp en var



hrint niður jafnóðum. Það voru mikil ærsl og fólk sá fljótt að ekki mundi vanta fjörið í þennan árgang. Og þetta var bara byrjunin.

Brjálaða tímabilið!

Í 6. bekk voru bekkirnir stökkaðir upp og fengum við nýja kennara, þau Hallberu Jóhannesdóttur og Sigtrygg Karlsson, en Edda hélt enn áfram og voru þau stjórnarnir okkar þar til í 8. bekk og Sigtryggur þangað til í níunda bekk. Flest gleymum við seint okkar fyrsta ferðalagi þar sem við áttum að gista yfir nótt. Það var ferðin í Skorradal. Ferðin var róleg svona í fyrstu en þegar liða tók á kvöldið hitnaði heldur betur í kolunum þar til Sigtryggur var loks búinn að fá nóg af okkur og aflýsti kvöldvökunni með þeim orðum að við værum ekki húsum hæf, sem var eflaust rétt. Við vorum nú samt ekki alveg á sömu skoðun og var hann vægast sagt í litlu uppáhaldi hjá okkur þetta kvöld. Honum var nú fyrirgefið seinna og ef litið er til baka þá var þetta eiginlega okkur að kenna. Í þessari ferð fékk Sigggi Bjóssi að sofa í skógeymslunni hjá illa lyktandi blautum skóm vegna þess að hann hafði ekki hagað sér eins og hann átti að gera.



Í 7. bekk stendur Reykjaskólaferðin eflaust upp úr hjá flestum. Mörg skemmtileg atvik gerðust þar, t.d. þegar Sigrún og Ragga voru læstar inni í skáp hjá Viðari og Hauki og þurftu að dúsa þar í einhvern tíma, vegna þess að þær máttu ekki vera frammi á gangi svona seint. En á endanum fundust þær og voru sendar á fund með kennurum og voru þær skíthráddar um að verða sendar heim.

Í þessari ferð hélt Marella að hún hefði fundið draumaprinsinn. Í næsta skipti sem hún hitti þennan tilvonandi eiginmann sinn, þá var það á ættarmóti sumarið eftir. Sambandið fékk því snöggan endi.

Í 8. bekk var enn og aftur skipt um kennara, tóku þeir Gunnar Sturla og Leó við af þeim Eddu og Hallberu.

Þennan vetur urðu merk tíma-

mót í lífi okkar. Við vorum komin í unglingsdeild og loksins orðin fullorðin, að okkur fannst.

Seinna um veturinn var farið í fermingarferðalag í Skálholt eins og venja er. En strákarinn mis-skildu örlítið merkingum orðsins „Skál“holt og settu upp bar inni á herbergi. Var þetta ein umtalaðasta saga bæjarins næstu vikur á eftir og fréttist reyndar út um allt land.

Á þessum árum vorum við frekar erfiðir nemendur og þetta mótþróaskeið virtist engan endi ætla að taka, enda voru þau ófá brjálæðisköstin sem kennararnir tóku yfir okkur á þessum tíma. En einhvern tímann tekur allt enda og von bráðar var hægt var að sjá fram á bjartari tíma í þessum máli.

Lága verðið

léttir lífið

VERSLUNIN EINAR ÓLAFSSON

Skagabraut 9-11 - Sími 431 2015 og 431 1015

Þrælkunartímabilið!

Í 9. bekk tók Sigurður Arnar við gamla 8. GSH en þeir Leó og Sigtryggur voru áfram. Þegar þarna er komið við sögu vorum við byrjuð að róast þó nokkuð (kannski ekki seinna vænna).

Seinna þennan sama vetur var farið í tveggja daga skíðaferðalag. Fyrri daginn var svo vont veður að allar lyftur voru lokaðar. Sumir reyndu samt með misjöfnum árangri að renna sér smávægis þennan dag. Þar á meðal voru Leó og Valur. Um leið og þeir voru komnir út fyrir dyrnar kom vindhviða sem feykta þeim aftur á bak upp í miðja hliðina fyrir ofan. Þar gerðu þeir ítrekaðar tilraunir til að standa á skíðunum en fuku jafnóðum um koll. Það var ekki fyrr en þeir sættu sig við orðinn hlut og mjökuðu sér niður á rassinum sem hlutirnir fóru að ganga. Þessi barningur tók óratíma og var algjört bíó fyrir þá sem horfðu á inni í skálanum. En seinni daginn var blíðskaparveður og skemmtu allir sér konunglega og komust flestir heim heilir á húfi.

Eftir 9. bekk var Sigtryggur búinn að fá nóg og í haust settist Flosi í kennarastólinn í hans stað. Á þessum tveimur árum höfum við verið látin læra meira en öll hin árin til samans.

Í haust var svo gerð önnur til-



raun og farið í Skorradal. Þessi ferð gekk mun betur en í 6. bekk og í þetta skiptið var kvöldvökunni ekki aflýst. Kennararnir fluttu leikritið „Gullbrá og birnir tveir“ á dönsku af stakri snilld þó að grunsemdir hafi vissulega vaknað um að danskan hafi farið fyrir ofan garð og neðan hjá sumum þeirra í „den.“ Eftir kvöldvökuna voru svo sagðar draugasögur, sem lögðust misvel í mannskapinn. En flestir hrucku duglega við þegar stóllinn brotnaði undan Sigurði Arnari í miðri draugasögu.

Eins og sést hér að framan höfum við haft marga og mismunandi kennara undanfarin ár. Þeir hafa verið stórir, litlir, mjóir, feitir, frekir, skemmtilegir, skapmiklir,

viðkvæmir og svo mætti lengi telja.

En við erum nú lang flest sammála um að 10. bekkurinn hafi verið skemmtilegasti tími okkar í skólanum. Við erum öll góðir vinir og erum með frábæra kennara þá Sigga, Leó og Flosa. Þeir eru allir rosa flottir karlar. Við þökkum guði fyrir hvern þann dag sem Leó ratar í skólann, þegar Flosi man hvaða tíma hann á að mæta í og man hvað hann á að hafa með sér og þegar Siggí sest niður og ætlar ekki að taka rispur í náminu. Þrír af kennurunum sem við höfum haft eiga víst konur sem eru félagsráðgjafar (Siggí, Leó og Sigtryggur). Það er kannski ekki vanþörf á þegar þeir koma heim í sjokki eftir erfiðan vinnudag með brjáluðum krökkum.

Mórallinn í hópnum hefur aldrei verið betri en nú og er það góður endir á þessum 10 frábæru árum okkar héra í Grundaskóla og eigum við flest öll eftir að sakna skólans og starfsfólksins og ekki síst kennaranna okkar og eigum við eftir að fara úr skólanum með minningar í huganum sem seint verða gleymdar.

Kær kveðja
Árgangur '85



Frá foreldrafélagi Grundaskóla

Aðalfundur Foreldrafélags Grundaskóla var haldinn 26. október s.l. Á fundinum var kosin ný stjórn, sem er þannig skipuð starfsárið 2000-2001:

*Daníel Eliasson, formaður,
Katrín Leifsdóttir, varaformaður,
Bryndís Rósa Jónsdóttir, ritari,
Rut Karol Hinriksdóttir, gjaldkeri,
Ásdís Kristmundsdóttir, meðstjórnandi.*

Úr stjórn gengu Steinunn Sigurðardóttir, Edda Agnarsdóttir og Þórunna Halldórsdóttir.

Stjórnin heldur fundi hálfsmán- aðarlega. og viljum við benda fólki á að hafa samband við okkur með hugmyndir og eða ábendingar sem styrkt gætu starf foreldrafélagsins.

Stjórnin hefur ákveðið, að einbeita sér að þeim verkefnum sem unnið hefur verið að síðastliðin ár s.s. gerð foreldrasamninga, sem eru gerðir árlega í sjötta bekk og haldið áfram upp grunnskólann. Foreldrafélagið telur, að því fyrr sem foreldrasamningarnir eru ræddir og gerðir, því meiri árangri skili þeir síðar á unglingsárum barnanna. Einnig hefur Foreldraröltið verið vel mannað í vetur, af báðum skólum og viljum við þakka foreldrum samstöðu og dugnað við að manna það. Sú nýbreytni var tekin upp í haust að hefja röltið fyrr á föstudagskvöldum þegar dansleikir hafa verið haldnir hjá grunnskólunum. Um áramótin var tekið í notkun eyðublað sem foreldrar fylla út eftir röltið hverju sinni og kemur í stað dagbókar sem haldin var um röltið.

Í desember 2000 var komið á samstarfi við Nemendaráð Grundaskóla. Foreldrafélagið skipulagði í samráði við nemendur

kynningafund á Opnu Húsi í Grundaskóla og áhugi er fyrir áframhaldandi samstarfi.

Til að samskipti heimila og skóla verði árangursrík og ánægjuleg þurfa bæði kennarar og foreldrar að leggja sitt af mörkum. Í þessu sambandi hafa verið reyfaðar hugmyndir um svokallað foreldraborð í kennslustofum, sem gerði foreldrum kleift að koma og fylgjast með námi og störfum barna sinna, þegar þeir geta komið því við.

Ákjósanlegt væri að foreldrar gætu skipulagt tíma sinn þannig að þeir hefðu tók á að dvelja í skólanum t.d. einn dag á hverju skólaári. Þessa hugmynd þarf að móta og útfæra í samráði við kennara og foreldra. Gaman væri að heyra viðbrögð fólks við þessu.

Ákveðið hefur verið, í samráði við Foreldrafélag Brekkubæjar-skóla, að halda sameiginlega fræðslufundi fyrir foreldra og áhugafólk um uppeldismál. Fyrsti fundurinn var haldinn 13. febrúar s.l.

Hugó Þórisson var með fyrirlestur um samstarf foreldra og barna. Um 160 manns mættu og var þetta mjög skemmtilegt kvöld.

Nú þegar líður að einsetningu Grundaskóla, haustið 2002, er vert að foreldrar velti fyrir sér þeirri breytingu sem verður á öllu skólastarfi og þeim áhrifum sem það mun hafa á heimilin, eins og t.d:

Hvernig verður máltíðum nemenda háttað í skólanum?

Hvernig breytist sá tími er börnin hafa til tómstundaiðkunar?

Hvernig verður tónlistarnámi komið fyrir í einsetnum grunnskóla?

Hvernig verður dagvistun háttað?

Er áhugi meðal foreldra fyrir aðstoð við heimanám barna sinna í skólanum.

Foreldrar eru besta forvörnin, forvarnir hefjast heima.



EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS

Café 15
Málningarbúðin
Haraldur Böðvarsson
S. Sverrisson
Verkfræðipjónusta Akraness
Þorgeir og Ellert hf.
Trico
Skaginn hf.
Akrafjall - Rammar og myndir
Matthías Hallgrímsson (Rafnes)
Magnús H. Ólafsson, arkitekt
Sjónglerið
Bílaverkstæði Hjalta ehf.
Útlit ehf., Akurgerði 23
Barðinn ehf., Skútuvogi 2, Reykjavík.
BÓB sf. Vinnuvélar
Sjóvá - Almennar
Sementsverksmiðjan hf.
Híbýlamálun Garðars Jónssonar ehf.
Þorgeir og Helgi
Trésmiðjan Kjölur ehf.
Runólfur Hallfreðsson
Axel Sveinbjörnsson ehf.
Akrasport ehf.
Endursk. Jóns Þórs Hallssonar
Olís - Nesti
Hjólbarðaviðgerðin
Knörr
Gámapjónusta Akraness ehf.
Straumnes


Íslenska Járblendifélagið hf.
Olíuverslun Íslands hf.
Smurstöð Akraness
Brauða- og kökugerðin
Fasteignamiðlun Vesturlands
Hljómsýn
Hárstýll ehf.
Fasteignasalan Hákot
Sjúkrapjálfun Georgs V. Janussonar
Hárhús Kötlu
Grundaval
Fiskverkun Jóhannesar
Hrói Höttur
Verslunin Bjarg
Skútan
Reynir Jóhannsson
Sæmundur Sigmundsson
Bjarmar ehf.
Vélaleiga- Sími 893 3365
Bókhalds- og tölvupjónusta Sonju
Bókhaldspjónustan sf.
Norðurál
Myndbandaleigan Ás
Gísli Jónsson
Tónastöðin
JGR Borgarnesi
Harðarbakarí
Tungusól

Tískuhornið

Í Grundaskóla er fremur blönduð tíska og þó nokkuð margir fara sínar eigin leiðir í klæðaburði.

Sjáiði línurnar, vá!?!

Það er Sturla Birgisson sem þið sjáið svona snyrtilega klæddan samkvæmt sinni eigin tísku. Þennan dag var hann í blárri þrjónapeysu sem þrengir vel að til að undirstrika stæltan efrilíkama. Að neðanverðu er hann í efnismiklum gallabuxum með rifnum rassvasa svo að stelpurnar geti virt betur fyrir sér rassinn.



Frumleg og fin!


Sóley Sigurborg er með glæstan fatasmekk sem enginn getur apað eftir.

Í dag var hún með fagurlega litaðan klút um höfuðið, í rauðri peysu og svörtum buxum. En takið eftir einu. Um úlnliðina ber hún listilega smíðuð armbönd úr tölum. Áfram Sóley, þú ert cool!



Sætir í Næk.

Hér koma svo tvö krútt í Nike fötum en það merki er mjög vinsælt meðal nemenda. Enginn er eins mikill nækari og hann Silli sem vildi ekki sitja einn fyrir á myndinni og fékk Kára Dan sem líka er nækari til að vera með sér. Strákar, standið saman og styrkið Nike!



Glæstar í gallabuxum.

Hér má sjá „Kyndurnar“ í gallabuxum. Þær eru niðþröngar um mittið en síðan taka við útvíðar skálmar sem flaksa þegar þær ganga hratt. Sokkarnir



sjást ekki vel en ég get trúað ykkur fyrir því að þeir eru alveg spes. Geðveikt glæstar!



Peysutískan í ár.

Flispeysurnar hafa slegið í gegn í vetur og eru sumrar sérsaumaðar.

Venjulega koma þær hátt upp í hálsinn og oft með leðurbandi um mittið. Til eru mjög margar gerðir og litir af þessum vinsælu peysum. Hér eru módelin mín þær Karitas, Sigrún, Friðmey og Ragga Rún. Takk fyrir gellurnar mínar.

Lífið

Ástin blómstrar en annað ekki
samt heldur himinninn áfram að vera blár
svo kemur nóttin og blikandi stjörnur
meðan sumt deyr en annað ekki.

Eva 7.KH

Bjarni Ármanns frá Steinsstöðum:

Sigldum um Krúsina á gúmmi

Í næsta nágrenni við Grundaskóla er snyrtilegur sveitabær sem heitir Steinsstaðir. Hefur hann staðið þar svo lengi sem elstu menn muna og sjálfsagt mikið lengur. Á Steinsstöðum átti í firndinninni heima lítill snáði sem að hætti fornanna undi sér glaður í túninu við legg og skel. Kannski lét hann sig dreyma um þúsund feita sauði á fjalli. Ekki vitum við hvað bærðist með snáðanum þá. Við vitum hins vegar vel að nú er hann bankastjóri í stóra bankanum í Reykjavík. Bjarni Ármannsson heitir hann.

Leiðir þú stundum hugann upp á Akranes?

Já, ég geri það. Ég horfi líka þangað yfir þegar færi gefst. Það sýnist stundum svo stutt að maður telur sig geta greint ýmsa hluti eins og þeir væru í nálægð.

Færðu þá stundum heimþrá?

Já. Ég held að það sé alltaf þannig að þar sem ræturnar liggja, þangað leitar hugurinn oft. Það eru svona ljúfsárar minningar.

Um hvað hugsar þú?

Ég held að það fari nú eftir því hvernig andleg liðan er hverju sinni. Hvort maður hugsar til foreldrahúsanna, leikja með leik-

félögum, skemmtilegra eða leiðinlegra skólatíma eða . . . eða kannski bara fyrstu ástarinnar.

Viltu segja okkur frá henni?

Neee . . . (brosir og skellihlær). Ég verð víst að viðurkenna að ég man þetta ekki svo glögg. Kannski var ástin líka svo víðfedm á þessum tíma að engin nöfn ná yfir hana. Ég var nú svo ungur þá.

Humm . . . En segðu okkur þá meira frá lífinu á Steinsstöðum í þá gömlu góðu.

Ja, þetta var nú að sumu leyti svona hálfgerft sveitalíf eins og þið sjálf segið í innganginum. Steinsstaðir voru þá meira utan við bæinn en í dag og dálítill einangrun held ég megi segja fyrir lítinn krakka. Það var líka allt miklu einfaldara í þá daga. Maður var svona dálítið mikið á áhyggjulausu vappi í kringum fullorðna fólk, í túninu eða móunum að hugsa um kindur og kýr og leiddi ekki mikið hugann að t.d. skólasystkininum. Sem svo kannski breyttist þegar maður færðist meira inn í bæinn og varð eldri.

Manstu eftir einhverju eftirminnilegu atviki frá Steinsstöðum?

Það er eitthvað tengt vorinu og sauðburðinum. Að fylgjast með



Í skjóli hjá rósarunnum.

því þegar lömbin voru að koma í heiminn, sjá þau blaut og vesældarleg skreiðast á spenann í fyrsta skipti og horfa á hvernig þau fylltust fjöri á nánast samri stundu. Maður horfði á þetta sem barn og ætli maður hafi ekki fundið til gleði og bjartsýni að vera í svona nánum tengslum við náttúruna.

Hvernig var umhorfs á svæðinu þar sem Grundaskóli er núna?

Það var mjög fjölskrúðugt. Á miðju svæðinu var gömul malar-gryfja eða krús og í nágrenni við hana kindakofar og hesthús. Krúsin var full af vatni þar sem við vorum að vaða og vesenast eins og gengur. Stundum sigldum við um krúsina á gúmmíslöngum eða timburflekum. Á veturna var þarna ágætis skautasvell með rómantískum stemmningum á stjörnuþjörtum vetrarkvöldum. Þegar nýja hverfið var að byggjast upp komu krakkar oft saman þarna og léku sér. Þarna var líka



Á leið í útreiðartúr.

míslöngum

land sem hét Kúastykki og mikið njólaumhverfi.

Njólaumhverfi?

Bjarni: Já, það voru heilu skógararnir af njóla sem var mikið notaður, þó ég viðurkenni aldrei að hafa nokkur tíma reykt njóla þarna á svæðinu.

Þú gekkst í skóla niðri á Skaga var það ekki?

Jú. Ég var í Barnaskóla Akraness sem síðar var kallaður Brekkubæjarskóli til aðgreiningar frá Grundaskóla. Þetta var löng leið að fara fyrir litla krakka, þannig að ég fór yfirleitt með pabba á morgnana en þurfti svo að labba til baka. Ég man að það var oft mikill barningur í strekkingnum á Garðabrautinni. En minningar mínar frá skólanum eru að mestu leyti góðar. Krakkarnir voru samhentir og kennararnir góðir en ég verð þó að viðurkenna að ég hefði mátt sinna náminu betur.

Varstu sendur til skólustjóra?

Hahahaha. Jú ég held að það hafi nú gerst nokkrum sinnum en...

Nokkrum sinnum?!

Eða . . . kannski ekki nokkrum sinnum en ég man að ég þurfti að fara í einhver fá skipti.

Hvað hafðir þú gert af þér?

Það var nú ekkert alvarlegt. Við vorum svona að hanga í snögum og fela okkur á bak við gardínur.

Þurftir þú virkilega að fara til



skólustjóra út af þannig smámunum?

Ja, við vorum svona að óhlýðnast og ærslast og stundum kom nú fyrir að þetta brotnaði eða slitnaði niður og . . .

Nú ert þú bankastjóri. Langaði þig aldrei til að verða bóndi eða sjómaður eins og forfeður þínir?

Jú. Reyndar var ég lengi framan af harðákveðinn í því að verða bóndi. Ég hafði gaman að dýrum og leið vel í sveitinni. Ég lék mér við leggi og skel eins og fornmaður og lét mig dreyma um alvöru búskap þegar ég yrði stór. Á sjóinn fór ég í nokkur sumur en var alltaf sjóveikur þannig að ég held að ég hafi ekki verið tilbúinn til að leggja það á mig alla ævi. Síðan gerðist það að eftir því sem ég hélt áfram í skóla þá fannst mér svo gaman í skólanum að ég vildi vera

þar sem lengst og ætlaði þess vegna að verða kennari. Það var markmiðið þegar ég hóf nám í tölvunarfræðum á sínum tíma. Að koma hingað til baka og kenna.

Þú hefðir örugglega orðið góður kennari.

Heldurðu það?

Já, og bóndi líka. Hvað áttu margar kindur í dag?

Ég held ég eigi bara enga kind í dag.

Hvernig var kartöfluuppskeran hjá þér í haust?

Hún var góð, þakka þér fyrir. Enda var hlýtt í veðri, ekki mjög blautt og frysti seint svo að kartöfluuppskeran var bara með albesta móti.

Það var nú gott og þakka þér kærlega fyrir viðtalið.

Takk sömuleiðis. Það var gaman að fá ykkur í heimsókn.

*Óska nemendum
Grundaskóla
góðs gengis um
ókominn ár.*

**LOFT
ORKA**

Engjaási 1 - Borgarnesi
Sími 437 1113 - Fax 437 1913



Krúsin

Eins og fram kemur í viðtalinu við Bjarna Ármanns þá stendur Grundaskóli á svæði sem kennt var við „Krúsina“ svokölluðu. Krúsin var malargrýfja sem Akurnesingar höfðu árum saman tekið úr efni til uppfyllingar í götur bæjarins. Eftir því sem árin liðu þá stækkaði hún og dýpkaði og safnaðist fyrir í henni vatn sem fraus á vetrum. Fyrir bragðið varð hún vinsælt skautasvæði og flyktust börn og unglingar þangað í tugatali á „stjörnuþjórtum

vetrarkvöldum“ eins og Bjarni segir í viðtalinu.

Myndin hér að ofan sem er í eigu Ármanns Gunnarssonar föður Bjarna er tekin úr flugvél frá norðri til suðurs. Vel er mögulegt að flugvélin hafi lent á Langasandi að lokinni myndatöku því slíkar landingar voru ekki óalgengar á þessum árum. Fremst eru Steinstaðir og núverandi Flatahverfi en fjarst til vinstri sér móta fyrir bæjunum við Leyni. Krúsin er aðeins fyrir ofan miðja mynd. Svo er að

sjá sem hún hafi verið um 150-200 metrar að lengd. Elsta álma Grundaskóla er við vesturendann eða þar um bil en austurendinn nálægt mótum Garðagrundar og Víkurbrautar. Takið eftir skreiðartrönunum sem eru að norð-vestanverðu við Sólmundarhöfða. Þær náðu yfir nær allt svæðið þar sem knattspyrnufélagið er nú með æfingavelli. Það glittir aðeins í gula vitann í Krossvík handan við þær. Myndin er tekin árið 1958 og eins og sjá má þá hefur margt breyst.



Frá foreldraráði Grundaskóla

Aðalfundi foreldraráðs hinn 18. október sl. voru tveir aðal- og tveir varafulltrúar kjörnir, en það voru þær Droplaug Einarsdóttir, Guðlaug Sigurjónsdóttir, Hildur Bernódusdóttir og Sigþóra Ársælsdóttir. Áfram sitja í ráðinu frá fyrra ári Dóra Björk Scott og Unnur H. Arnardóttir.

Foreldraráðið skipti síðan með sér verkum þannig: Unnur H. Arnardóttir, formaður, Dóra Björk Scott, varaformaður og Droplaug Einarsdóttir, ritari. Allir aðal- og varamenn sitja fundi foreldraráðs, sem haldnir eru hálfsmánaðarlega.

Foreldraráð grunnskólanna á Akranesi eiga að tilnefna fulltrúa sinn í skólanefnd og hafa skólarnir skipt því bróðurlega á milli sín

þannig að fulltrúi frá Brekkubæjarskóla situr í tvö ár og fulltrúi frá Grundaskóla næstu tvö. Í ár var komið að okkur í Grundaskóla og var Droplaug Einarsdóttir kjörin sem fulltrúi foreldra í nefndina og Sigþóra Ársælsdóttir til vara.

Hlutverk foreldraráðs er að fylgjast með skólanámskrá og öðrum áætlunum um skólahlald. Einnig skal foreldraráðið hlutast til um að skólanámskráin sé kynnt öllum foreldrum við skólann og að áætlunum hennar sé framfylgt. Þá ber foreldraráði að huga að framtíðarsýn varðandi skólahlaldið.

Starf ráðsins í vetur hefur farið

í að skoða skólanámskrána og fjárhagsáætlun skólans. Hefur skólastjóra verið sent bréf varðandi at-
hugasemdir og umfjöllun foreldraráðsins um fjárhagsáætlunina og munu verða haldnir fundir með skólastjóranum um málefni skólans á næstu vikum. Þá hefur ætíð verið mjög gott samstarf við foreldrafélag Grundaskóla og hafa hóparnir fundað saman tvisvar á þessum vetri.

Að lokum óskar foreldraráðið Grundaskóla alls hins besta og þakkar gott samstarf við starfsfólk skólans í vetur.

Nú tíðkast svokölluð sögu-dæmi hjá stærðfræðikennurum. Í 5. bekk áttu nemendur að semja sögu út frá dæminu „tölf deilt með þremur.“

Ein sagan skar sig algjörlega úr og var hún svohljóðandi: „Einu sinni var maður sem átti tólf dætur. Hann skipti þeim jafnt á milli þriggja manna og því fékk hver maður fjórar konur.“



Nína hættir

Guðjónína Sigurðardóttir, skólaritari, eða Nína eins og við köllum hana hætti störfum við Grundaskóla 1. febrúar síðastliðinn. Nína starfaði við skólann í 17 ár, en sagði starfinu lausu þar sem hún var komin á aldur eins og sagt er.

Starfsfólk skólans kvaddi Nínu verðskuldað með pomp og pragt, rauðum dregli, kampavíni og orðuveitingu. Nína hefur unnið gott starf við skólann og við munum sakna hennar. Starfsfólk og nemendur Grundaskóla þakka Nínu fyrir samstarfið og óska henni velfarnaðar í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur.



Myndir úr skólalífinu



Myndir úr skólalífinu



Skoðanakönnun

Vegna fjölda áskorana var ákveðið að bregða ekki út af venjunni og hafa skoðanakönnun meðal nemenda í unglingadeildinni um hverjir ættu að bera sæmdarheiti í hinum ýmsu greinum. Niðurstöður urðu sem hér segir:



Tónlistarfrík skólans. Fyrir valinu varð Sturla Birgisson hinn gamalreyndi rappari og Kim Larsen aðdáandi með meiru. Í öðru og þriðja sæti urðu Kári Rafn og Edda Ósk.



eftir sem verðugir stjórnarandstæðingar komu þeir Máni og Steindór.



Svavar og Bjarnfríður í þriðja. Og Leifur gerir það ekki endasleppt. Hann var líka kosinn **mesta Dúllan** í skólanum skammt á undan þeim Silla og Svavari.



varð Sturlaugur og Sturla í því þriðja. Brad Pitt!, hver er nú það?



Íþróttagarpur skólans. Sigurkarl Gústavsson varð fyrir valinu og komst enginn með tærnar þar sem hann hafði hælana. Vonandi sjáum við hann á Ólympíuleikum í framtíðinni. Til sigurs Sigurkarl!



Hrakfallabálkar eru eins og allir vita afsakplega vinsamlegt fólk sem tekur m.a. fallið af náunganum sem kemur á eftir. Bestur í þeirri kúnt er að mati nemenda riddarinn hugumprúði Ástþór í 9. LK. Síðan fylgdu í kjölfarið Bjarki Jens og Magga.

Þó sumir vísindamenn deili um það hvort sálin sé raunverulega til þá vafðist það ekki fyrir unglingum í Grunda-skóla að finna hana á förnum vegi. **Besta sálin** er Leifur. Í öðru sæti



Og þá er komið að **glæsilegustu stelpunni**. Fyrir valinu varð engin önnur en hin yndisfríða Íris Ósk. Í öðru sæti varð Dagrún og Edda Ósk í þriðja. Strákar! Þið verðið nú heldur betur að vanda ykkur ef þið ætlið að krækja í þessar dísir.

Glæsilegasti strákurinn! Hver skyldi hann hafa verið? Jú, mikið rétt! Haukur heitir hann Ármannsson. Í öðru sæti



Flippaðasti kennarinn. Sigurður Super-Arnar varð hlutskarpastur eftir harða keppni við Siggu Ragg og Láka. Eins gott að vera ekki með neitt múður, krakkar mínir.



Fjörkálfur skólans. Hin söngelska og brosmilda Edda Ósk Einarsdóttir



Efnilegasta húsmóðirin er hún Maren sem er svo myndarleg í alla staði. Þar á eftir kemur Edda sem þolir ekki drasl í kringum sig og í þriðja sæti kom Valgerður sem á framtíðina fyrir sér á þessu sviði sem öðrum.

tryggði sér þetta sæmdarheiti þriðja árið í röð. Í öðru og þriðja sæti voru Ölli og Þórður sem slógu svo eftirminnilega í gegn á Hæfileikakeppninni.

Efnilegasti húsaðirinn. Þetta eftirsóttá sæmdarheiti kom í hlut Þórs Bínós enda drengurinn bæði ábyrgðarfullur og



tillitssamur. Í öðru sæti lenti hann Unnar og Haukur í því þriðja.

Þjartasta vonin er Máni Atlason sem margir trúa



að verði heimspekingur eins og pabbi hans. Í öðru sæti varð Þóra Þóris og Birna Björns í því þriðja.

Nýtt námsefni frá kennara við Grundaskóla

Jóhanna Karlsdóttir hefur verið kennari við Grundaskóla frá stofnun hans. Árið 1999 varð hún þátttakandi í græn-lensk/íslensku samstarfsverkefni vegna 1000 ára afmælis landa-fundanna. Helstu samstarfsaðilar hennar voru kennarinn Leif Aidt og teiknarinn Jette Jörgensen, bæði frá Danmörku. Afraksturinn af starfi þeirra leit dagsins ljós s.l. sumar þegar út kom samtímis á íslensku, græn-lensku og dönsku bók þeirra „Leifur Eiríksson- á ferð með Leifi heppna“. Hér er á ferðinni söguleg skáldsaga sem jafnframt er ætluð sem kennslu-efni í samfélagsfræði fyrir 5.-6. bekk. Bókin er að mati Púlsins bæði skemmtileg og gagnleg en auk þess óvenju spennandi af kennslubók að vera. Sögulegar staðreyndir um lífshætti og at-burði eru settar fram á skýran en jafnframt lifandi hátt og þar sem að þeim sleppir fær ímyndunar-aflíð að njóta sín. Lystilega gerðar myndir Jette Jörgensen skjóta enn frekari stoðum undir þá sýn sem höfundar vilja halda á lofti fyrir lesendum. Að sögn Elísabet-

ar Jóhannesdóttur kennara í 5. bekk þá urðu nemendur hennar strax hugfangnir af efninu og eru fullir áhuga að fræðast meir og meir. Bókinni fylgir hefti með fjölbreytilegum verkefnum auk þess sem útbúið hefur verið sér-stök vefsíða með bæði texta og

myndum. (vefslóð: <http://www.namsgagnastofnun.is/leifur/index.html>). Útgefandi á Íslandi er Námsgagnastofnun.

Púlsinn óskar Jóhönnu til ham-ingju með frábæra bók og óskar henni velfarnaðar í framhaldinu.



Ding Dong á Radio X

Deir heita Doddi og Pétur, stundum kallaðir Ding Dong (Sbr. Gög og Gokke) eftir samnefndum útvarpsþætti sem þeir stýra á Radio-X. Þátturinn þeirra hefur notið tölvuverðra vinsælda meðal unglunga og á síðasta ári var Pétur kosinn fyndnasti maður Íslands. Við á Púlsinum ákváðum að bregða okkur undir fjörð til að komast að því af eigin raun hvort þeir væru jafn fyndnir eða jafnvel fyndnari en af er látið.

Ding, Dong!

Ekkert svar.

Ding, Ding, Dong!!

Doddi: Kom inn. Tylliði ykkur. Halló, Pétur ertu tilbúinn?

Rödd í símahátalara: Halló, já ég er tilbúinn.

Hver er þetta?

Doddi: Þetta er hann Pétur. Hann komst ekki hingað. Þurfti að þvo sér eða eitthvað.

Hvers konar kímnigáfu hafið þið?

Pétur: Ha, silikonsápu? Nei ég nota bara svona venjulega græn-sápu.

Doddi: Þið verðið að tala hærra, hann heyrir ekkert.

Kímnigáfu!!! Hvernig kímnigáfu hafið þið?

Pétur: Þið þurfið ekki að hafa svona hátt. Við erum bara með svona græna kímnigáfu.

Doddi: Hann meinar að við hlæjum að bulli.

Viljiði vera svo góðir að lýsa starfi ykkar.

Doddi: Þið sjáið það eiginlega núna. Hann er heima að bora í nefið þegar klukkan er bráðum eitt. Ég mæti hérna um tölfleytið og byrja að kíkja á efni meðan hann er ennþá heima að bora og svo kemur hann svona hálf þrjú alveg nývaknaður og veifar og tekur í höndina á fólki og allir segja í kór: „Sæll Pétur, gaman að sjá þig, Pétur minn.“

Pétur: Já, svona er þetta krakkar. Nóg að gera alla daga.

Hvernig manneskjur eruð þið?

Pétur: Við erum svona harðir að utan en mjúkir að innan.

Doddi: Semsagt, ekki jafn slæmir og sýnist.

Getið þið rakið feril ykkar í stuttu máli.

Doddi: Ég er búinn að vera að fikta í útvarpi í nokkur ár. Var á X-inu og Mónó en byrjaði svo hérna á Radio með Pétri.

Pétur: Ég byrjaði og endaði ferilinn á BYKÓ

Hver eru helstu áhugamál ykkar?

Doddi: Það eru eiginlega bara svona jullur

Pétur: Já, ég er sammála því. Svona jullur og berar tær.

Hvenær komust þið seinast í snertingu við ykkar innri mann?

Doddi: Kvesslags spurningar eru þetta eiginlega.

Pétur: Já, þetta er nú svolítið nærgöngult. Ætli ég komist ekki helst í snertingu við minn innri

mann þegar ég er allsber úti í náttúrunni. Hvenær það var síðast man ég ekki.

Hafið þið komið upp á Akranes?

Pétur: Það er orðið langt síðan. En meðan Boggan var þá fórum við strákarnir stundum nokkrar ferðir á dag. Rúntuðum á milli og átum ís.

Doddi: Við komum líka í sumar í opinbera heimsókn með Radio. Ég plantaði kaktusi í bakgarði og tók lagið með Naglbítunum. Það var mikið klappað og móttökur í alla staði lofsamlegar.

Hvað finnst ykkur um unglunga í dag. Eruð þið bjartsýnir á framtíð þeirra?

Doddi: Já, meðan þeir halda sér ungun og hressum í anda þá er þetta í góðu lagi.

Ein spurning að lokum! Vitið þið eitthvað sem við vitum ekki?

Doddi: Nei! Því miður. Við erum svona að jafnaði heimskustu menn sem ég þekki.

Pétur: Ég veit nú margt um BYKO.

Doddi: Já BYKO og búið.

Takk kærlega fyrir spjallið.

DING DONG

Sérdeillis prýðilegur síðdegisþáttur virka daga frá 15.00 - 19.00

RADIO FM-103.7

Útsendingarstöðin á Akurevri er 104,1 og í Vestmannaeyjum og Suðurlandi 90,4

Fermingargjafir í úrvali

M.a.:

- Myndavélar
- Stafrænar myndavélar
- Sjónaukar í fallegum gjafaöskjum
- Bækur
- Úrval fallegra penna og pennasetta
- Geisladiskar
- Geisladiskastandar

Önnumst áprentun á servíettur, sálmaþækur og gestabækur.
Persónuleg fermingarboðskort með þinni mynd, margar gerðir.
Þjóðum gyllingu á falleg fermingarkerti.



*Óskum 10. bekkingum
í Grundaskóla góðs gengis
í samræmdu prófunum í vor*



Bókabúð Andrésar

Sími 431 1855 • Kirkjubraut 54 • Akranesi

Félagslíf og íþróttir

Hæfileikakeppni 2000

Hin árlega hæfileikakeppni grunnskólanna á Akranesi var haldin 1. nóvember s.l. Keppninni var skipt niður í tvo hluta, annars vegar var „Hátónsbarkinn“ og hins vegar „Hæfileikakeppnin“. Hátónsbarkakeppnin er söngvakeppni þar sem ungir og efnilegir söngvarar koma fram. Á úrslitakvöldinu voru sex keppendur mættir til leiks en þeir höfðu komist áfram úr undankeppninni. Allir söngvararnir stóðu sig mjög vel enda nutu þeir undirspils hjá þrautþjálfuðum músiköntum úr hljómsveitinni Tíbrá þeim Eðvarði Lárussyni, Eiríki Guðmundssyni, Jakobi Garðarsyni og síðast en ekki síst Flosa Einarssyni sem eins og undan-gengin ár hafði veg og vanda af undirbúningi allra tónlistaratriða kvöldsins.

Að loknum söng hátónsbarkanna hófst hæfileikakeppnin þar sem fjöldi hæfileikaríkra nemenda tróð upp. Atriðin voru alls níu og mjög fjölbreytileg. Nýstofnaðar hljómsveitir litu dagsins ljós, magadansarar og breikarar svifu um sviðið af mikilli innlifun og kúnt, sagnaþulir, leikarar og fjöllistamenn í hinum ýmsu gervum létu ljós sitt skína og áhorfendur gátu ekki leynt hrifningu sinni



og klöppuðu og stöppuðu í takt við gjörninginn.

Þegar allir keppendur höfðu lokið þátttöku fór dómnefndin afsíðis en við tók ball þangað til úrslitin voru kynnt um kl. 23:30. Andrúmsloftið var rafmagnað af eftirvæntingu þegar kynnirinn las upp niðurstöður dómnefndarinnar. Fyrst var lýst yfir kjöri á frumlegasta atriðinu sem var dans- og leikatriði „Feitu perranna“ Mána, Þórðar og Örlygs. Besta hljómsveitin var valin „Nafnleysa“ með þeim Arnari, Ólafi Pétri, Axel Frey og Vésteini. Því næst voru veitt verðlaun fyrir besta atriði keppinnar og komu þau í hlut hljómsveitarinnar „Zakralist“ með „kyndunum“ úr 10. LJ. þeim

Fanneyju, Ragnheiði, Sigrúnu, Tinnu, Unni og Valgerði. Að lokum var komið að stóru stundinni, krýningu Hátónsbarka grunnskólanna árið 2000. Fyrir valinu varð 13 ára stúlka úr Brekkubæjarskóla, Helga Ingibjörg Guðjónsdóttir. Eftir að hafa tekið við verðlaununum söng hún sigurlagið „Karen Eir“ við mikinn fögnuð áhorfenda. Að þessu loknu hélt dansleikurinn áfram til 00:30 og skemmtu allir sér konunglega á þessu velheppnaða kvöldi.

Húllum hæ dagurinn

Húllum hæ dagurinn var fimmtudaginn 28. september. Þessi dagur hefur öðlast fastan sess í skólastarfi Grundaskóla. Markmið með honum er að efla samkenndina í unglingsdeildinni í leik og starfi. Þá eru oft tekin ákveðin álitamál til umræðu í bekkjunum undir handleiðslu umsjónarkennara og síðan farið út í íþróttahús til ýmissa leikja. Að þessu sinni var keppt í skutlukasti, limbó, troðslu og sundi á þurru landi. Ekki fara sögur af árangri enda meira til gamans gert en að alvara búi að baki. Til alvörunnar kom ekki fyrr en hin hefðbundna viðureign nemenda og kennara í knatt-





spyrnu hófst. Þá ætlaði allt um koll að keyra eins og venjulega. Til að gera langa sögu stutta þá fór nú eins og margir höfðu búist við að nemendur gjörsigrudu kennarana. Það áttu hinir síðarnefndu erfitt með að setta sig við og gerðu í leiklok aðsúg að dómaramum og sögðu að hann hefði verið hlutdrægur, sem var tóm vitleysa því ef eitthvað var þá reyndi hann að hjálpa þeim, leyfði þeim t.d. að vera einum fleiri á löngum köflum í leiknum. Staðreyndin er hins vegar sú að aldurinn er farinn að færast yfir karlana í kennaraliðinu og yfirþungi og slitgigt farin að verða þeim til trafala enda þeirra langbestu menn orðnar konur. En hvort sem það var vegna þreytu eða bara blákaldrar skynsemi þá bráði fljótt af þeim og þeir gengu sáttir að kalla með nemendum sínum út í skóla. Þar biðu þátttakenda veisluföng, grillaðar pylsur og djús sem Ingó og Rut skenktu af miklum myndarskap. Allir urðu þá saddir og sælir að lokum og góður dagur fékk góðan endi.

Knattspyrnumót Grundaskóla

Knattspyrnumót Grundaskóla er stórviðburður á hverju ári. Og mikið metnaðarmál fyrir hverja bekkjardeild að stilla upp sterku liði í bæði karla og kvennaflokki.

Að þessu sinni var þátttaka mjög góð og sendu allir bekkir lið



í keppnina hjá báðum kynjum. Veðurguðirnir voru keppendum hliðhollir, sól skein í heiði og vellirnir iðagrænir þó komið væri haust. Áhorfendur lét sig heldur ekki vanta. Þarna mátti sjá nokkra metnaðarfulla kennara gefa bekkjarliðum sínum holl ráð, eldri og yngri nemendur hvetja átrún-

aðargoðin sín og öðru hverju komu einstaka foreldri og jafnvel afar og ömmur sem áttu leið hjá. Keppnin í riðlunum var geysihörð en drengskapur og léttleiki þó ávalt í fyrirrúmi. Svo fór að lokum að 9. LK. varð sigurvegari í strákakeppninni eftir spennandi úrslitaleik við 9. SR. Hjá stúlkunum var það hins vegar 10. FE sem vann yfirburðasigur á 10. LJ. í úrslitaleiknum og hafa þær unnið þetta mót í öll skiptin síðan þær hófu þátttöku í 8. bekk. Húrra fyrir þeim, húrra fyrir 9. LK. og húrra fyrir öllum sem tóku þátt í þessu skemmtilega móti.

Norræna skólahlaupið 2000

Norræn samvinna kemur fram með ýmsum hætti. Á hverju hausti þyrpast grunnskólanemar á öllum Norðurlöndunum út úr

skólunum til að dusta af sér lærdómsrykið og hlaupa af sér hornin úti í guðsgrænni náttúrunni. Lágmarksvegalengd á hvern hlaupara er 2,5 km en hámark 10,0 km. og sjá umsjónarkennarar og eða íþróttakennararnir um að skrá niður hlaupna kílómetra hjá hlaupurum þegar þeir koma í mark. Af rakstur í km. var sem hér segir: 300 nemendur hlupu 2,5 km, 69 nemendur hlupu 5,0 km, 34 nemendur hlupu 7,5 km, 20 nemendur hlupu 10,0 km, og 4 nemendur gerðu sér lítið fyrir og hlupu 12,5 km. hver. Samtals hlupu því 427 nemendur af 453 sem eru skráðir í skólanum samtals 1600 km. eða rúmlega einn hring í kringum Ísland eða aðra leiðina til Noregs og rúmlega það. Á þessu sést hvað hægt er að afreka þegar allir leggjast á eitt.



Leggðu dæmið niður fyrir þig strax og komdu í reikning til okkar



KÓPAL 0%



Viðskiptareikningur AKURS
- GÓÐUR KOSTUR -




AKUR - byggingavörur
Smíðjuvöllum 9 • 300 Akranes • Sími: 430 6600 • Fax: 430 6601
Netfang: akur@akur.is • Veffang: www.akur.is

*Ferminga-
skreytingar*




MODEL STILLHOLTI 16-18
SÍMI 431 3333
Blómleg verslun



Vertu sniðug/ur í fjármálum!

Við reddum þessu!
NÁMAN betri fjármálaþjónusta fyrir ungt fólk.



Landsbankinn
Betri banki

Sjávarútvegspema í Grundaskóla

Í Grundaskóla er komin löng hefð fyrir sjávarútvegspema í 9. bekk. Hér er um samþætt verkefni að ræða milli samfélagsgreina, náttúrufræði og heimilisfræði. Hvað samfélagsfræðinni viðvíkur er lögð áhersla á mikilvægi sjávarútvegs fyrir heimabyggðina í fortíð og nútíð og eiga nemendur að kynna sér í meginatriðum þá tæknifróun sem orðið hefur í bæði veiðum, vinnslu og markaðsmálum í aldanna rás auk þess sem þeir leitast við að fá yfirsýn yfir starfshætti þeirra fyrirtækja sem starfa á sjávarútvegi og hliðargreinum hans hér á Akranesi.

Þáttur náttúrufræðinnar lýtur hins vegar að fræðslu um helstu nytjastofna, vistfræði sjávar, sjálfbæra nýtingu ofl.

Í heimilisfræðinni er fjallað um hollustugildi sjávarafurða og lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum þá fjölbreytilegu möguleika sem sjávarfang býður upp á í matargerð. Í framhaldi af því vinna nemendur að undirbúningi sjávarréttahlaðborðs undir handleiðslu heimilisfræðikennara sinna.

Þemavinnan tekur fimm daga, frá mánudegi til föstudags. Heppilegasti tíminn er um hávertíðina, þá er best að fá ferskt og fjölbreytt hráefni. Oft hafa foreldrar verið nemendum innan handar við að

útvega fisk og jafnvel gefið hann.

Unnið er í hópum. Í sumum tilvikum hefur verið skipt niður í hópa eftir fisktegundum þar sem hver hópur vinnur með sína tegund. Einnig hefur verið skipt niður í hópa eftir verkþáttum þar sem hver hópur hefur sitt sérsvið. Þar fyrir utan er alltaf einn hópur sem sér um matargerðina og undirbúning hlaðborðsins.

Samhliða hinna bóklegu fræðslu fara nemendur í skoðunarferðir í ýmis fyrirtæki og stofnanir hér í bæ. Þessi þáttur námsins er afar mikilvægur enda opnast í mörgum tilvikum ný sýn hjá þeim nemendum sem ekki hafa fengið tækifæri til að kynna starfsseminni af eigin raun. Eiga fyrirtækin þakkir skyldar fyrir þeirra hlut í náminu.

Þemanu lýkur með sýningu og sjávarréttahlaðborði. Boðsgestir, sem eru foreldrar nemenda, fulltrúar fyrirtækja sem tóku á móti nemendum og starfsfólk skólans, fá þá tækifæri til að virða fyrir sér verkefnið um leið og þeir gæða sér á ljúffengum sjávarréttum. Stundum er líka boðið upp á skemmtidagskrá meðan á borðhaldi stendur svo sem hljóðfæraleik, söng og leikþætti, allt tengt þemanu.

Gefinn er út uppskriftabæklingur með öllum þeim réttum sem boðið er upp á, oft myndskreyttur



af nemendum og stundum með fróðleikskornum um þær fisktegundir sem unnið er með. Oftast er gestum gefinn bæklingurinn en einstaka sinnum hefur hann verið seldur til fjáröflunar fyrir árganginn.

Við undirbúning sjávarréttahlaðborðsins er unnið samkvæmt eftirfarandi lýsingu:

Nemendur


- velja sér uppskriftir úr ýmsum bókum, bæklingum og netinu í samráði við kennara. Manneldismarkmið skulu höfð að leiðarljósi.
- vinna uppskriftabækling í tölvu.
- útbúa innkaupalista.
- baka brauð, m.a. rúgbrauð og smábrauð.
- laga síldarrétti sem þarf að útbúa með fyrirvara.
- grafa fisk.
- huga að borðskreytingu og fara í fjöruferð til að finna t.d. grjót, þara, skeljar ofl. Þvo og þurrka efnið.
- búa til sósur og hlaup og rétti sem geta beðið.
- útbúa merkimiða til að merkja réttina á hlaðborðinu.
- matreiða alla heita rétti.
- leggja á borð og skreyta með netum, netakúlum, grjóti, þara og efni sem er tengt hafinu.
- framreiða matinn og þjóna til borðs.





1. HJ

1. MÁ



2. ÁE

2. SÓ



2. SRR

3. SI




3. SIG

3. SKR




4. GB




4. LK

4. SG



5. EJ

5. MRJ



6. SKR




6. SS

7. GSH



7. KH



8. EBD

8. EÞS



8. ÓG

9. LK



9. SR



10. bekkur

Nemenda- félagið

Starf nemendafélagsins hefur gengið mjög vel í vetur. Við fengum samhenta stjórn og frábæran umsjónarmann.

Byrjunin lofaði líka góðu. Við skipulögðum hópferð á hinn glæsilega bikarúrslitaleik ÍA-ÍBV og unnum eins og allir vita 2:1.

Eins og venjan hefur verið undanfarin ár þá gaf nemendafélagið út nemendaskírteini og gekk salan á þeim mjög vel. Flestir krakkar eru búnir að átta sig á því að það borgar sig að kaupa þau.

Opin hús hafa verið haldin annan hvern miðvikudag í allan vetur og höfum við verið með ýmis atriði á þeim s.s. diskotek, borðtennis, bingó ofl. Í eitt skiptið var Björgunarsveitin með kynningu sem var mjög fróðleg og skemmtileg.

Skólarnir hafa skipst á að vera



með böll í samvinnu við Arnardal, þar af mörg glæsileg t.d. Hrekkjavökuballið (grímuball) og 60'ballið. Lokaballið í vor verður þó örugglega toppurinn.

Fyrir utan opin hús og böll þá vorum við einnig með hinn árvisva Húllumhædag og Hæfileika-keppnina sem var alveg frábær.

Að lokum viljum við þakka öllum fyrir ánægjulegt samstarf í vetur.

Kær kveðja. Stjórn N.F.G.

Stjórnina skipa eftirtaldir:

Form.: Þórður Már Gylfason.

Gjaldk.: Vigdís Elva Jónsdóttir.

Ritari: Karítas Gissurardóttir.

Meðstj.: Bjarnfríður Leósdóttir,

Sturlaugur Agnar Gunnarsson,

Valgerður Valsdóttir, Kristinn

Darri Röðulsson, Maren Lind

Másdóttir, Birkir Örn Gylfason

og Íris Bjarnadóttir.

Umsjónarmaður:

Gunnar Sturla Hervarsson.

Almenni Ökuskólinn ehf

Almenn ökuréttindi – Æfingaakstur – Ökuskóli
Skellinöðrur - Dráttarvélar
Mótorhjólapróf
Meirapróf



Vilhjálmur Gíslason, löggiltur ökukennari 862-1308
Sigurður Arnar Sigurðsson, löggiltur ökukennari 898-1208

Þróunarstarf á unglingastigi

Kennarar á unglíngastigi Grundaskóla sóttu um þróunarstyrk til menntamálaráðumeytisins og fengu jákvætt svar. Verkefnið heitir Meiri metnaður, magnaðir nemendur

Talið er að í hverri bekkjardeild séu 2-3 afburðanemendur. Hugmyndin að baki verkefninu er að virkja þessa nemendur, styrkja þá til meiri áhrifa og betra náms í skólanum. Það viljum við gera með alhliða þjálfun og fjölþættum verkefnum.

Markmiðið er að koma til móts við þarfir getumikilla nemenda með spennandi verkefnum sem taka mið af þörfum þeirra. Einnig að efla sjálfstæði, samvinnu og metnað afburðanemenda, efla getu þeirra og áhuga til að takast á við kefjandi verkefni og nám í framhaldsskóla.

Risaeðluveröld í 3. bekk

Krakkarnir í 3. bekk í Grunda-skóla unnu þemaverkefni um risaeðlur í vetur. Það var mjög skemmtileg vinna, þar sem meðal annars var búið til stórt risaeðlu-land sem hægt var að leika sér með. Þá teiknuðu allir og smíðuðu sína eigin risaeðlu, sem fékk nafn, fjölskyldu, heimkynni og allt það sem risaeðla þarfnæðist.

Krakkarnir voru mjög duglegir

að afla sér alls kyns upplýsinga um eðlurnar og tímabilið sem þær lifðu á. Þeir notuðu internetið og bókasafnið, dagblöð og sjónvarps-þætti og allt það sem veitti þeim meiri þekkingu og innsýn í lífheim risaeðla. Þau unnu frábæra vinnu, skemmtu sér vel við spennandi viðfangsefni og lærðu alveg heilmikið á þessu öllu saman!



Risaeðlan mín.

Rósa röndóttu á mömmu og pabba. Þau heita Ágústa og Palli. Hún Rósa er 37 ára. Hún er rokkstjarna. Hún æfir með rokkinu. Hún er með hanakamb upp í loftið. Henni finnst gaman að syngja í míkrafón. Hún er með margar rendur. Þær eru alls konar á litinn.

Móeiður, 3. SKr.



Risaeðlulandið var búið til úr dagblöðum, mjólkurkössum og veggfóðurslími. Svo var það málað og þá var hægt að leika sér í alvöru risaeðluheimi!



Smágaddi.

Ég heiti Smágaddi. Ég er 8 ára gaddeðla. Mamma mín heitir Störgadda. Hún er alveg eins og ég, bara miklu stærri. Pabbi minn heitir Beitti-Gaddi. Hann er stærstur í allri fjölskyldunni. Ég á líka einn stóran bróður. Hann heitir Störgaddi. Við búum í stórum helli.

Bernódus Örn, 3. SI.



Einn daginn kom Tómas með eftirlíkingu af risaeðlubeinagrind í skólann. Hér sjáum við krakkana í 3. SI eftir að þau höfðu sett beinagrindina saman.



Hér eru krakkar úr 3. SiG og 3. SKr. hjá risaeðlulandinu.


Um risaeðlur.

Sumar risaeðlur voru kjötætur. Aðrar voru jurtaætur. Þær voru misstórar. Þvengeðla er talin minnsta risaeðlan og Þórseðlu-bróðir er talin sú stærsta. Kjötætur þurftu ekki að éta daglega. Sama bráðin entist þeim dögum saman. Sumar risaeðlur veiddu ekki önnur dýr. Þær voru hrættur sem átu allar dauðar skepnur sem urðu á vegi þeirra.

Bjarki Stefáns., 3. SKr.

Risaeðlur.

Risaeðlurnar komu fram á Jörðinni fyrir 228 milljónum ára. Sumar þeirra urðu gríðarstórar. Þær eru stærstu skepnurnar sem nokkurn tímann hafa lifað á landi. Aðrar voru þó ekki stærri en hænur. Risaeðlurnar urðu aldaðar fyrir 64 milljónum ára. Allar tegundir risaeðla höfðu hreistur-



kennda húð og verptu eggjum líkt og skriðdýr á okkar dögum.

Kristjana Bjarnad., 3. SiG.

Uppi í loftinu.


Fyrir ofan risaeðlurnar flögruðu og svifu einkennileg skriðdýr sem minna á leðurblökur; flugeðlur. Sumar voru litlar eins og spörvar en aðrar voru með vænghaf á við litla flugvél. Allar voru með mjó og hol bein, og vængi úr skinni.

Sóley Bára, S. SiG.

Um mig.

Ég heiti Grár.
Ég er 5 ára risaeðluungi.
Ég á 3 systkini.
Þau eru öll eldri en ég.

Jón Þór, 3. Si.



Alþjóða-samskipti

Grundaskóli mun á næsta skólaári í fyrsta sinn taka þátt í Comenius, Menntaáætlun Evrópusambandsins. Guðbjartur Hannesson, skólustjóri, hefur sótt um styrk til að vinna að 3 ára verkefni um gæðastjórnun í skólastarfi. Samstarfsaðilar að verkefninu eru skólar í Danmörku, Noregi, Lettlandi, og Portúgal. Með verkefninu er ætlun að vinna og þróa aðferðir til þess að tryggja og meta gæði skólastarfs, auka samstarf og samvinnu allra hagsmunaaðila skólans.

Víðátta

Velferðarsjóður íslenskra barna var stofnaður í janúar 2000 af Íslenskri erfðagreiningu. Fyrsta umfangsmikla verkefnið sem sjóðurinn leggur fé til heitir Víðátta sem er gagnvirk myndamskiptaverkefni á milli íslenskra skóla. Með Víðáttu opnast möguleikar fyrir kennara til að vinna saman í gegnum gagnvirk myndamskipti, inni í bekkjum og á fundum og þróa þannig kennslu með framtíðaraðstæður í huga.

Markmiðið með Víðáttu er að skapa aðstæður til þess að vaxandi fjöldi íslenskra nemenda njóti vandaðrar kennslu, og að nýjungar í kennsluháttum svo sem nýting upplýsingatækni í námsgreinum, náí til allra nemenda.

Grundaskóla var boðið að taka þátt í verkefninu ásamt 6 öðrum grunnskólum á landinu. Ákveðið var í upphafi að í fyrsta áfanga yrðu sjö skólar sem skiptust á tvö verkefni, á sviði íslensku og stærðfræði. Miðstig grunnskóla var valið sem fyrsti aldurshópur.

Grundaskóli og Karl Hallgrímsson kennari í 7. bekk verða þátttakendur í verkefni um íslensku.



Trésmiðja Þráins getur gert ýmislegt fleira fyrir þig en að byggja **hús**. Seljum alla **almenna byggingarvöru**. Eigum ávallt gott úrval af **smíða efni**, umboð fyrir Reynor **bílskúrs- og iðnaðarhurðir**

Við neglum og sögum...

Nokkur dæmi:

Víð smíðum

t.d. sólpalla, handrið, girðingar, glugga, útihurðir, stiga, eldhús-innréttingar, fataskápa og flest það sem þér dettur í hug.

OG HÖFUM TIL SÖLU FLEST

ÞAÐ SEM VIÐ Á (AÐ ÉTA...) s.s.

timbur, einangrun, plast, vegg- og loftklæðningar, þak- og vindpappa, kambstál, þakjárn, pallaefni, plötur ýmiskonar, saum, skrúfur, vinkla, kítti, þéttilista og margt fleira.

FÖNDUR
sögum niður og seljum föndurefni

Sérvinnsla á efni samkvæmt ósk þinni og þörfum s.s. hillur, skápar & margt fleira

Framleiðum og seljum m.a.:

- ☞ handrið
- ☞ innipanil
- ☞ utanhúsklæðningar s.s. **kúlupanil & bjálkaklæðningu** „gasalega lekkert“
- ☞ geretti (slétt og skraut)
- ☞ glerlista
- ☞ grindarefni
- ☞ afréttlista o.m.fl.

ERUM LJÚFMENNI
Í SAMNINGUM



Vesturgötu 14 • Akranesi
Sími: 430 3660 • Farsími: 893 6975
Bréfsími: 430 3666